



## Ársskýrsla 2010

Reykjavík

Febrúar 2011

© Þjóðminjasafn Íslands 2011 / *National Museum of Iceland 2011*





## Efnisyfirlit

---

<b>1</b>	<b><i>Formáli</i></b>	<b>4</b>
<b>2</b>	<b><i>Starfsemi</i></b>	<b>8</b>
2.1	Hlutverk og stefna Þjóðminjasafns Íslands	8
2.2	Markmið og leiðarljós	8
2.3	Skipurit	9
2.4	Samstarf við atvinnulíf og hollvini	11
<b>3</b>	<b><i>Frammistöðumat 2010</i></b>	<b>15</b>
3.1	Minjavarsla og rannsóknir	15
3.2	Miðlun og þjónusta	24
3.3	Innra starf	39
<b>4</b>	<b><i>Ársuppgjör 2010</i></b>	<b>46</b>
<b>5</b>	<b><i>Annual Report 2010</i></b>	<b>51</b>
<b>6</b>	<b><i>Viðauki – Starfsmenn 2010</i></b>	<b>56</b>
<b>7</b>	<b><i>Viðauki - Markmið ársins 2011 og mælikvarðar á árangur</i></b>	<b>59</b>



## 1 Formáli

Árskýrsla Þjóðminjasafns Íslands árið 2010 endurspeglar gildandi árangursstjórnunarsamning við mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þar er gerð grein fyrir árangri áhersluverkefna ársins 2010. Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands er margbætt sem höfuðsafns á sviði þjóðminjavörslu, en stofnunin starfar samkvæmt safnalögum nr. 106/2001 og þjóðminjalögum nr. 107/2001. Starfsemi Þjóðminjasafns Íslands árið 2010 gekk almennt vel með góðri framvindu verkefna. Aðsókn safngesta var góð, árangur náðist í faglegum verkefnum á sviði varðveislu og öryggis safnkosts, miðlunarstarf var fjölbreytt og innra starf gekk vel. Sem fyrr var lögð áhersla á aðhald í rekstri safnsins, faglegar áherslur og samhengi starfseminnar með það fyrir augum að forgangsröðun verkefna stuðlaði að festu og jafnvægi samhliða fjárhagslegri ábyrgð í rekstri. Hagræðing náðist með góðri samvinnu allra og markvissu starfi. Til hagræðingar var sýningartími sérsýninga lengdur, sem mæltist vel fyrir hjá gestum. Einnig var aðgangseyrir hækkaður á árinu og fundnar leiðir til lækkunar almenns rekstrarkostnaðar.

### Rannsóknir og varðveisla

Faglegt starf á sviði rannsókna og varðveislu er ávallt margbætt og var árangur ársins almennt samræmi við áætlun. Ýmis ný aðföng bárust muna- og myndasafni á árinu. Merkustu aðföng mynda voru frummyndir Ralph Hannam og filmusafn Þórs Sandholt. Veitt var viðtöku miklu efni úr fornleifarannsóknum s.s. Alþingisreit, Skriðuklaustri og Bygggarðavör á Seltjarnarnesi. Gripum tengdum svokallaðri búsáhaldabyltingu var safnað vegna sýningar um efnið sem og gripum tengdum sýningunni *Klippt og skorið*. Aflagðir gripir úr Skeggjastaðakirkju í Bakkafirði komu til safnsins í samræmi við þjóðminjalög. Skattholi Sveinbjarnar Egilssonar skálds var veitt viðtaka 1. desember á Bessastöðum en ákveðið var að þar skyldi það varðveitt. Tvær ágætar útskornar rúmfjalar auk postulínsgrípa félru í skaut Þjóðminjasafns úr dánarbúi Dóru Theódórs Sigurjónsdóttur.

Góður árangur hefur einnig náðst í samstarfsverkefni minjasafna á landinu í samtímasöfnun um leiki barna. Eitt helsta markmið verkefnisins er að þjálfa safnmenn í að beita ákveðnum aðferðum í samtímasöfnun. Tvær spurningaskrár voru sendar út á árinu og fjallaði önnur um kreppuna, hrunið og búsáhaldabyltinguna en hin nefndist „Heimatilbúið, viðgert og notað“ og var þar spurt um nýtni á heimilum.

Mikilvægi varðveislu verður seint ofmetið. Á sviði minjavörslu og rannsókna var gert átak í vistun safnkosts. Áfram var haldið með úrbætur í myndasafni á grundvelli varðveisluáætlunar og gerðar voru úrbætur í fyrirbyggjandi forvörslu í geymslum safnsins. Gerðar voru úttektir á öryggi grípa í Vesturvör 14 og 16-20. Lokaáfangi náðist í fyrsta hluta *Handbókar um varðveislu safnkosts* og lokið var við öryggishandbók fyrir geymslurnar í Vesturvör 16.



Menningarsögulegi gagnagrunnurinn *Sarpur* er eitt mikilvægasta vinnutæki Þjóðminjasafnsins og minjavörslunnar í landinu. Vinna við uppfærslu grunnsins *Sarps 3.0*, hefur staðið yfir um skeið og tekið mikinn tíma.

Húsasafn Þjóðminjasafnsins hefur að geyma eitt merkilegasta safn íslensks byggingarárfs. Þar á meðal eru margir þeirra torfbæja sem enn standa. Unnið var að skilgreiningu á raðtilnefningu torfbæjanna fyrir yfirlitsskrá heimsminjaskrár UNESCO. Þetta er mikilvægur áfangi fyrir húsasafnið enda þjóðarhagur fólginn í því að hlúa sem best að torfbæjunum á komandi árum til að tryggja varðveislu þeirra. Mikilvægir áfangar náðust á árinu í viðgerðum og viðhaldi á húsum í húsasafni Þjóðminjasafnsins, en þar var einnig gert átak í öryggismálum húsanna. Samstarf var við húsafríðunarnefnd samkvæmt þjónustusamningi þar um.

#### *Miðlun og aðgengi fyrir alla*

Í Þjóðminjasafninu er á hverju ári boðið upp á fjölbreyttar sérsýningar, þær stærstu í Bogasal og Myndasal. Á árinu 2010 stóð Þjóðminjasafn Íslands að alls fimmtán sýningum samhliða mikilvægu viðhaldi grunnsýningar. Helstu sérsýningar ársins voru *Ævispor – Útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur* og sýningin *Sögustaðir - í fótspor W.G. Collingwoods*. Með þessum sýningum voru gefin út samnefnd rit. Í Horninu á 2. hæð safnsins var sýningin *Klippt og skorið - um skegg og rakstur* sem vakti athygli, ásamt mörgum minni sýningum.

Fjölmargir velsóttir viðburðir, fyrirlestrar og málstofur voru í safnhúsinu á árinu. Á Safnanótt, Sumardaginn fyrsta, 17. júní og á Menningarnótt var ókeypis aðgangur að safninu og fjölbreytt dagskrá, sem var mjög vel sótt. Jóladagskráin var að venju ákaflega vinsæl bæði meðal barna og fullorðinna.

Fjölbreytt safnfræðsludagskrá var í boði fyrir skóla landsins eins og hin fyrri ár og á þessu ári náðist góður árangur í því að kynna háskólanemum safnið. Starfsemi safnbúðar gekk afar vel á árinu og er hún mikils metin af gestum safnsins, sem og þjónusta Kaffitárs. Fjölsóttir fyrirlestrar í samstarfi við ýmsa aðila voru í boði í fyrirlestratal safnsins.

Sem fyrr var lögð áhersla á aðgengi fyrir alla í safninu og voru ýmsar nýjungar innleiddar á árinu í því skyni að breikka gestahóp safnsins. Sérstök leiðsögn var í boði fyrir einstaklinga með andlega fötlun og sömuleiðis var þróuð leiðsögn og minningarvinna fyrir aldraða í minningarherbergi um árin 1955-65. Hljóðleiðsögn á pólsku var tekin í notkun á árinu, sem og sérstök hljóðleiðsögn fyrir börn á íslensku og ensku. Einnig var leitast við að kynna safnið fyrir nýum Íslendingum með því að bjóða leiðsögn á þeirra móðurmáli í tengslum við þjóðhátiðardaga þeirra og var boðið upp á leiðsögn á ungversku, þýsku og pólsku á árinu. Gestakönnun sem gerð var í samstarfi við safnaráð gaf til kynna jákvæð viðhorf safngesta.

Staðið var að vandaðri útgáfu sýningarbóka og fékk bókin *Sögustaðir - í fótspor W.G.*



*Collingwoods* eftir Einar Fal Ingólfsson ljósmyndara, sem safnið gaf út í samvinnu við Crymogeu í tengslum við samnefnda sýningu, til nefningu til íslensku bókmenntaverðlaunanna. Góður árangur náðist í útgáfu fræðirita starfsmanna á árinu. Má þar nefna að út kom skýrsla um fyrsta hluta Bessastaðarannsóknar eftir Guðmund Ólafsson fornleifafræðing. Rit um kirkjur í Snæfells- og Dalaprófastdæmi voru gefin út á árinu í samstarfi við Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofu og Hið íslenska bókmenntafélag. Einnig lagði safnið áherslu á almenna fræðslu með skrifum í fjölmölda og kynningu á þeim vettvangi. Má í því sambandi nefna að þjóðminjavörður ritaði mánaðarlega pistla, *Pankar um þjóðminjar*, sem birtir voru í Lesbók Morgunblaðsins. Á árinu var áhersla lögð á kynningu með útgáfu fjölbreyttra bæklinga, auk kynninga á vef safnsins, sem var þróaður og efldur á árinu. Vefurinn var nýttur vel til kynninga á sýningum safnsins, safnkosti og öflun efnis með spurningarskráum. Sérstakur jólavefur var opnaður á árinu, sem fékk góðar viðtökur.

### *Samvinna*

Áhersla hefur verið lögð á það hjá safninu að efla þverfaglega samvinnu, bæði innan og utan safnsins. Þjóðminjasafn Íslands átti í samstarfi við hin höfuðsöfnin um faglegar áherslur safnanna. Þá veitti þjóðminjavörður safnaráði formennsku á árinu og hefur skrifstofa safnaráðs aðstöðu innan Þjóðminjasafns Íslands frá síðustu áramótum. Unnið hefur verið að endurskoðun safnastefnu á sviði þjóðminjavörsu.

Ný *Safnastefna* á sviði þjóðminjavörsu 2010-1014 var kynnt á fyrsta *Vorfund* Þjóðminjasafns Íslands með minja- og byggðasöfnum í landinu, sem haldinn var í þjóðminjasafninu í maí. Slíkur samráðsfundur safna á sviði minjavörsu verður haldinn árlega hér eftir.

Einnig var lagður grunnur að samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um framtíðarvarðveislu handrita í eigu Þjóðminjasafnsins. Gerður var tímamótasamningur milli Þjóðskjalasafns Íslands og Þjóðminjasafns þar sem Ljósmyndasafn Íslands í þjóðminjasafni var skilgreint sem opinber varðveislustofnun á sviði ljósmynda hérlandis og ákveðið að vista skjöl sem skráð hafa verið í Þjóðminjasafn í Þjóðskjalasafni.

Samstarfssamningur við Háskóla Íslands var endurnýjaður á árinu, og var lagður grunnur að samstarfi stofnananna í tengslum við aldarafmæli háskólans. Þjóðminjavörður átti auk þess sæti í heildarstefnumótunaráhópi Háskóla Íslands, um nýja stefnu fyrir skólann.

Þjóðminjavörður gegnir formennsku Heimsminjanefndar Íslands og var unnið að frágangi nýrrar yfirlitsskrár fyrir Ísland á árinu, sem gekk vel og var lokið í janúar 2011. Á árinu var opnuð ný heimasíða [www.heimsminjar.is](http://www.heimsminjar.is) um heimsminjasamning UNESCO og framkvæmd hans hér á landi.



*Innra starf*

A árinu var áfram lögð áhersla á innra starf safnsins með fagmennsku, samvinnu og gott vinnuumhverfi að leiðarljósi. Öryggisnefnd stofnunarinnar sá um gerð áhættumats allra starfa á árinu í samræmi við lög, endurbætur á starfsaðstöðu héldu áfram frá fyrra ári og boðið var upp á ýmsa fræðslu fyrir starfsfólk, auk þess sem stofnunin gekk frá samningi við Vinnuvernd ehf. um þjónustu trúnaðarlæknis við starfsmenn safnsins. Lög starfsmannafélags Þjóðminjasafns voru endurskoðuð og starfsemin efld og teljast nú allir nýir starfsmenn sjálfkrafa félagsmenn.

Tekinn var í notkun ljósleiðari milli starfsstöðva og átak gert til að auka öryggi rafrænna gagna. Ný undirkerfi Orra (Oracle) voru tekin í gagnið og innleiðing annarra undirkerfa undirbúin. Stofnað var til samstarfs við Þjóðskjalasafn Íslands um allt er snýr að skjalamálum Þjóðminjasafns og unnið að ýmsum þáttum skjalavistunaráætlunar stofnunarinnar. Stöðugleiki var í starfsmannahaldi og hópurinn samhentur í verkefnum ársins. Líkt og fyrri ár nýtti stofnunin sér heimildir til greiðslu viðbótarlauna og gafst þannig oft tækifæri til að þakka fyrir góðan árangur við verklok tiltekinna verkefna. Árangur starfsemi Þjóðminjasafns Íslands 2010 er árangur allra þeirra sem þar starfa.

8. febrúar 2010

Margrét Hallgrímsdóttir  
þjóðminjavörður



## 2 Starfsemi

### 2.1 Hlutverk og stefna Þjóðminjasafns Íslands

Leiðarljós í starfi Þjóðminjasafns Íslands er að safnið starfi sem víssinda- og þjónustustofnun á sviði þjóðminjavörsu á landsvísu, stuðli að varðveislu og þekkingu á menningararfí íslensku þjóðarinnar frá upphafi til samtíma og standi fyrir vandaðri i miðlun um sögu og minjar lands og þjóðar með fjölbreyttu sýningar- og menningarstarfi. Þjóðminjasafn spegli fortíð og samtíð í starfi sínu með virðingu fyrir fjölbreytileika menningar og samfélags á hverjum tíma.

*Forysta – Samvinna*

*Fagmennska - Víðsýni*

*Nýsköpun - Þjónusta*

Vönduð grunnsýning Þjóðminjasafns Íslands gerir grein fyrir menningarsögu þjóðarinnar frá landnámi til samtíma. Sýningin endurspeglar þróun samfélags á Íslandi, og verður leitast við að endurnýja þætti sýningarinnar með markvissum hætti með nýrri þekkingu og rannsóknarniðurstöðum. Sérsýningar, fræðsla og útgáfa styrkja frekar og breikka miðlun safnsins með jafnrétti, mannúð og fjölbreytileika að leiðarljósi.

Þjóðminjasafn Íslands leggur metnað í gott aðgengi að safninu og miðlun sem stuðlar að víðsýni og virðingu. Safnið leggur metnað í samvinnu og þjónustu við safngesti, fræðimenn, nemendur og stofnanir. Þannig stefni Þjóðminjasafnið að því að hreyfa við fólk með starfsemi sinni og þar með axla sína ábyrgð í almennri umræðu með víðsýni að leiðarljósi.

### 2.2 Markmið og leiðarljós

- Að sinna forystuhlutverki Þjóðminjasafnsins sem höfuðsafns á sviði þjóðminjavörsu.
- Að auka árangur Þjóðminjasafns Íslands með markvissu fræðilegu, faglegu og listrænu starfi.
- Að stuðla að samvinnu innan sem utan safns.
- Að nýta fjárveitingar vel með forgangsröðun verkefna.
- Að vera vettvangur umræðu, rannsókna, sköpunar, menntunar, upplifunar og fræðslu.
- Að leggja metnað í aðgengi fyrir alla í víðum skilningi.



## 2.3 Skipurit


Yfirlýstur tilgangur með stjórnskipulagi Þjóðminjasafns Íslands er að endurspeglar hlutverk safnsins samkvæmt safnalögum, þjóðminjalögum og reglugerð safnsins sem og að fylgja eftir markmiðum þess og framtíðarsýn, auka samvinnu og samræður, auðvelda verkefnaskipulag með aukinni áherslu á tímabundin verkefni og gera starfið markvisst.

Samkvæmt skipuritinu eru svið stofnunarinnar þrjú. Tvö kjarnasvið, rannsókna- og varðveislusvið og miðlunarsvið og eitt stoðsvið, fjármála- og þjónustusvið. Fjármálastjóri starfar með þjóðminjaverði að stefnumörkun Þjóðminjasafns Íslands og er staðgengill hans. Fjármálastjóri gegnir auk þess hlutverki starfsmannastjóra. Sviðsstjórar á kjarnasviði stýra daglegu starfi sviða og taka þátt í stefnumörkun safnsins. Haldnir eru reglulegir samráðsfundir eftir þörfum með þessum aðilum og öðrum starfsmönnum.

Starfsmenn sviða heyra allir beint undir viðkomandi sviðsstjóra. Fagstjórar og sérfraeðingar bera ábyrgð gagnvart sviðsstjóra á árangri skilgreindra verkefna hvers árs í samræmi við árangursstjórnunarsamning og ársáætlun. Fagstjórar eru í forsvari fyrir þróun síns málaflokks og góðum og faglegum samskiptum meðal starfsmanna.



**Skipurit Þjóðminjasafns Íslands frá 2006**





## 2.4 Samstarf við atvinnulíf og hollvini

Fastir stuðnings- og samstarfsaðilar Þjóðminjasafnsins gegna mikilvægu hlutverki í uppbyggingu safnsins og eiga mikinn þátt í því að starfsemi þess er svo kröftug sem verið hefur. Má þar sérstaklega nefna minjasöfnin í landinu og önnur höfuðsöfn, sem og þjóðmenningarstofnanir.

Mikilvægir samstarfsaðilar eru einnig vinafélag Þjóðminjasafns Íslands Minjar og saga, Minningarsjóður Ásu Guðmundsdóttur Wright og þrír minningarsjóðir í vörlu Þjóðminjasafns: Minningarsjóður Ingibjargar G. Johnson, Minningarsjóður Helga S. Gunnlaugssonar og Minningarsjóður Philip Verrall, en sá sjóður er nýjasti minningarsjóðurinn í vörlu safnsins og sá langstærsti.

Þjóðminjasafnið átti gott samstarf við ESU – the English-Speaking Union í tengslum við sýninguna á verkum W.G. Collingwoods. Félagið hefur sýnt áhuga á áframhaldandi samstarfi. Þá leitar safnið einnig til fyrirtækja og sjóða eftir samstarfi um einstök verkefni í starfsemi safnsins. Þjóðhátiðarsjóður veitti styrki í fimm verkefni. Unnin voru þrjú verkefni fyrir styrki úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Tveir þeirra voru fyrir rannsóknarverkefni í húsasafninu: *Híbýlahættir og byggingarsaga Þverár í Laxárdal og Skipalón: minjar og minningar*. Sá þriðji var fyrir gerð bæklings um fornleifakjallarann á Bessastöðum.

### Vinafélag Þjóðminjasafnsins, Minjar og saga.

Vinafélag safnsins, Minjar og saga, stóð fyrir tveimur fræðslufyrirlestrum í fyrirlestrasal safnsins á árinu. Sá fyrri, 25. mars fjallaði um sögu Íslands – einkum tímabilið 1874-1918 og var fyrirlesari Sigurður Líndal. Síðari fyrirlesturinn var haldinn 21. október en þá sagði Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur frá uppgreftinum á Skriðuklaustri. Aðalfundur félagsins var haldinn í fyrirlestrasal safnsins þann 10. júní 2010.

Félagið efndi til Færeysjaferðar 17. – 20. september og sá Bryndís Sverrisdóttir sviðsstjóri miðlunarsviðs um að skipuleggja hana. Þátttakendur voru 13 talsins og tókst ferðin að öllu leyti mjög vel.

Félagið Minjar og Saga hefur starfað frá árinu 1988 og skipta eftirtaldir stjórn þess: Sverrir Kristinsson formaður, Sigríður Th. Erlendsdóttir ritari, Guðjón Friðriksson, Kristján Garðarsson og Grétar Jónasson, varastjórnendur eru Katrín Fjeldsted og Sverrir Sch. Thorsteinsson.



## Árangursstjórnunarsamningur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Þjóðminjasafn Íslands hafa gert með sér árangursstjórnunarsamning, sem gildir fyrir tímabilið 1. janúar 2006 til 31. desember 2010. Framsetning á árangri ársins 2010 í þessari ársskýrslu tekur mið af þeim árangursmælikvörðum sem þar eru tilgreindir.

### 2.4.1 Meginmarkmið

#### I. MINJAVARSLA OG RANNSÓKNIR

- *Að efla og örva rannsóknir á þjóðminjum og íslenskri menningarsögu.*
- *Að starfa samkvæmt skilgreindri söfnunar-, skráningar-, varðveislu- og rannsóknarstefnu.*

#### II. MIÐLUN OG ÞJÓNUSTA

- *Að stuðla að því Þjóðminjasafnið verði einn áhugaverðasti kosturinn í þekkingarleit almennings, skólaþólks og fræðimanna af íslenskum og erlendum uppruna.*
- *Að standa að sýningum, útgáfu og fræðslu um minjar og sögu þjóðarinnar.*

#### III. INNRA STARF

- *Að stuðla að starfsánægju og árangri í innra starfi stofnunar.*

### 2.4.2 Deilimarkmið

#### I. MINJAVARSLA OG RANNSÓKNIR

- Að endurskoða forvörluáætlun árlega og bæta vistun og ástand 5% safnkosts.
- Að standa að söfnun þjóðháttar, muna og mynda með markvissri söfnunarstefnu.
- Að gefa út 4 rannsóknarskýrlur og greinar um þjóðminjar á hverju ári.
- Að ljúka þremur rannsóknarverkefnum árlega.
- Að standa að þverfaglegum rannsóknarverkefnum þar sem sameinaðir kraftar safnsins nýtast.
- Að skrá 10% af safnkosti Þjóðminjasafnsins á ári hverju, myndir, muni, hús og fornleifar.

#### II. MIÐLUN OG ÞJÓNUSTA

- Að standa að öflugri sýninga- og fræðslustarfsemi.
- Að gefa út veglega sýningarskrá með hverri sýningu.
- Að gefa út eitt rannsóknarrit árlega sem byggist á rannsóknum innan safnsins.
- Að halda vef Þjóðminjasafnsins virkum og áhugaverðum.
- Að standa að vandaðri safnfræðslu í góðu samstarfi við skólakerfið og í samhengi við námsskrá.
- Að stuðla að aðgengi fyrir alla í víðum skilningi.



### III. INNRA STARF

- Að verja 40% vinnuframlags stofnunarinnar til miðlunar Þjóðminjasafns Íslands.
- Að veita starfsmönnum umbun / viðurkenningu fyrir mældan árangur verkefna.

#### 2.4.3 Tölfræðilegar upplýsingar

Með nýjum árangursstjórnunarsamningi hafa mælikvarðar á árangur breyst nokkuð frá fyrri árum. Til samanburðar við tölurnar frá árinu 2010 eru hér sýndar tölur frá árunum 2008 og 2009.

<b>MÆLIKVARÐAR Á ÁRANGUR 2010</b>			
<b>I. MINJAVARSLA</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>
<i>Að endurskoða forvörluáætlun árlega og bæta vistun og ástand 5% safnkosts.</i>			
Hlutfall húsa við góð skilyrði	20%	20%	33%
Hlutfall báta og tækniminja við góð skilyrði	20%	19%	20%
Hlutfall mynda við góð skilyrði	70%	70%	70%
Hlutfall jarðfundinna gripa við góð skilyrði	65%	66%	66%
Hlutfall textíla við góð skilyrði	80%	80%	79%
Hlutfall muna við góð skilyrði	60%	61%	62%
Hlutfall þjóðháttameimilda við góð skilyrði	95%	95%	95%
Hlutfall heimildasafns við góð skilyrði	80%	85%	85%
<i>Að standa að söfnun þjóðháttar, muna og mynda með markvissri söfnunarstefnu.</i>			
Myndir – skráð aðföng á árinu	39 /2200	40/450.000	34
Munir – skráð aðföng á árinu	65/1093	68/200	74
þjóðhættir – skráð aðföng á árinu	56	1.689	118
<i>Að gefa út 4 rannsóknarskýrlur og greinar um þjóðminjar á hverju ári.</i>			
Útgefnar greinar	8	7	18
Útgefnar skýrlur í skýrluröð	4	1	1
Vinnuskýrlur	3	5	5
<i>Að ljúka premur rannsóknarverkefnum árlega.</i>			
Stórar rannsóknir	6	7	5
- þar af lokið á árinu	1	1	1
Smaærri rannsóknir	6	7	8
- þar af lokið á árinu	5	3	5
Samstarfsrannsóknir	4	4	5
Gestafræðimaður	1	1	1
Nemendarannsóknir	1	1	2
<i>Að standa að þverfaglegum rannsóknarverkefnum þar sem sameinaðir kraftar safnsins nýtast.</i>			
Fjöldi þverfaglega verkefna	8	8	8



<i>Að skrá 10% af safnkosti þjóðminjasafnsins á ári hverju, myndir, muni, hús, fornleifar og þjóðhætti.</i>			
Fjöldi skráðra mynda	70.000	70.600	43.500
Fjöldi skráðra muna	1.093	208	205
Fjöldi skráðra jarðfundinna gripa	2.083	351	670
Fjöldi skráðra fornleifa á árinu	30	0	0
Fjöldi skráðra þjóðháttahheimilda	806	548	3.396
Heildarfjöldi skráninga	74.012	71.707	47.771
Heildarfjöldi safnkosts	2.510.000	2.961.000	3.000.000
Hlutfall af safnkosti skráð á árinu	2,9%	2,4%	1,6%
<b>II. MIÐLUN OG ÞJÓNUSTA</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>
<i>Að standa að öflugri sýningarstarfsemi.</i>			
Fjöldi sýninga	15	16	15
<i>Að gefa út veglega sýningarskrá með hverri sýningu.</i>			
<i>Að gefa út eitt rannsóknarrit árlega sem byggist á rannsóknum innan safnsins</i>			
Fjöldi útgefinna sýningarbóka ogrita	7	7	2
Fjöldi útgefinna rannsóknarrita	10	4	3
<i>Að standa að öflugu kynningarstarfi og halda vef þjóðminjasafnsins virkum og áhugaverðum.</i>			
Fjöldi safngesta	95.000	111.139	97.958
Fjöldi útsendra fréttatilkynninga	172	136	130
Fjöldi fréttu og birtingu um safnið í fjölmöðlum	360	368	419
Fjöldi útgefinna kynningarbæklinga	9	9	4
Fjöldi heimsókna á vefsíðu safnsins	98.324	108.267	111.768
Fjöldi nýrra greina á vefsíðu safnsins	314	282	293
Fjöldi nýrra minjagripa í framleiðslu	4	11	5
<i>Að standa að vandaðri safnfræðslu í góðu samstarfi við skólakerfið og í samhengi við námsskrá.</i>			
<i>Að stuðla að aðgengi fyrir alla í víðum skilningi.</i>			
Fjöldi nemenda í safnfræðslu	12.248	12.408	13.911
Fjöldi nýrra námsleiða/leiðsagna/námsefnis	7	6	3
Fjöldi fastra leiðsagna og fyrirlestra í safni	275	236	172
Fjöldi gesta í leiðsögnum og á fyrirlestrum	3.700	5.215	3.118
Fjöldi gesta á viðburðum í safninu	6.600	7.020	8.528
Fjöldi atriða með aðgengi fyrir alla að leiðarljósi	9	11	12
<b>III. INNRA STARF</b>	<b>2008</b>	<b>2009</b>	<b>2010</b>
<i>Að verja 40% vinnuframlags stofnunarinnar til miðlunar þjóðminjasafns Íslands.</i>			
Með samhengi rannsókna, varðveislu og miðlunar	40%	40%	40%
<i>Að veita starfsmönnum umbun fyrir mældan árangur verkefna.</i>			
Almennt á allan starfshóp, en ekki einstaka starfsmenn	100%	100%	100%



## 3 Frammistöðumat 2010

### 3.1 Minjavarsla og rannsóknir

#### 3.1.1 Árleg endurskoðun forvörsluáætlunar og bætt vistun og ástands (5%) safnkosts. Helstu atriði:

- **Áfangi í úrbótum í myndasafni á grundvelli fyrirliggjandi varðveisluáætlunar (4 atriði):**
  - Allt myndefni sem aðeins var varðveitt á geisladiskum var flutt á myndadrif.
  - Plastkantar settir framan á þær hillur í filmugeymslu sem glerplötur eru í og sem kantar voru ekki á.
  - Gengið frá stimplasafnsmyndum sem voru í 6 möppum. Vasar endurnýjaðir og myndir aðskildar.
  - Plastikumbúðum um nitratfilmur skipt út yfir í sýrfufrí umslög í neðstu skúffu í nitratskáp.
  - Filmur úr safni Hjálmars R. Bárðarsonar settar í sýrfufrí plöst, m.a. með þátttöku sjálfboðaliða.
- **Úrbætur í fyrirbyggjandi forvörlu í geymslum safnsins (4 atriði):**
  - Dugguvogur: Áatak í geymslu: Frágangur gripa og hreinsun geymslunnar. Uppröðun fornleifasyna bætt og geymsluskrá kláruð.
  - Fjalir (1994-164- d – Rauðhús): Hreinsun, frágangur og pökkun 67 miðalda-fjala til langtíma varðveislu.
  - Ný þurr-geymsla fyrir viðkvæma málmgripi tekin í notkun: 80 gripir (reiðver) endurpakkaðir og fluttir þangað.
  - Nordiska Museet: Hreinsun og pökkun 150 trégrípa til langtíma varðveislu.
  - Áatak í forngripaforvörlu (500 gripir).
- **Viðgerðir og viðhald á húsum í hússafni Þjóðminjasafnsins:**
  - Lokið var við viðgerðir á Sómastöðum í Reyðarfirði. Samið var við Safnastofnun Fjarðarbyggðar og Minjasafn Austurlands um umsjón með húsinu og sýningaráhald. Opnunarhátíð var haldin þann 17. ágúst.
  - Yfirgripsmestu viðgerðirnar fóru fram í Laufási; lokið var við viðgerð á baðstofu og gert við skála. Í Bustarfelli var unnið að viðgerð á veggħleðslu og stafnar bæjarins málaðir. Þá var hafin stórvíðgerð á Stóru-Ökrum og gert við bæjardyr. Lokið var við þakviðgerð í Nesstofu. Mikilvægum áfanga var náð á Teigarhorni með pappaklæðningu veggja og hafin var viðgerð á sæluhúsinu við Jökulsá.
  - Önnur hús fengu hefðbundnara viðhald sem einkum fólst í minniháttar viðgerðum og málun og tjörgun húsa að utan. Má í því sambandi nefna m.a. Staðarkirkju, Litlabæ, Sjávarborgarkirkju, Glaumbæ, Víðimýrarkirkju, Nýjabæ



á Hólum, Saurbæjarkirkju, Grenjaðarstað, Sauðanes á Langanesi, Galtastaði fram, Hofskirkju, hlöðu við Selið í Skaffafelli, bænhúsið á Núpsstað og Keldur á Rangárvöllum. Þá var þakið á Húsínu á Eyrarbakka tjargað, gert við steingarð framan við það og úthús máluð á vegum Byggðasafns Árnasinga.

- Átak í öryggismálum húsasafnsins:**

Öryggismál húsasafnsins voru tekin til athugunar í framhaldi af bruna Krýsuvíkurkirkju og elds sem kom upp í þekju hlóðaeldhúss í Laufási. Þar verður veruleg bót gerð á brunavörnum og unnið var að undirbúningi á sambærilegum aðgerðum í öðrum húsum.

- Tillaga um friðun húsa í húsasafninu, sem eru ekki vernduð skv. lögum, lögð fram:**

Málið rætt innan Þjóðminjasafns og við starfsmenn Húsafriðunarnefndar. Vinna hafin við gerð tillögu en því verki lauk ekki á árinu.

- Áfangi í úttekt á frágangi og öryggi gripa í Vesturvör 16-20:**

Vinnuskýrsla var gerð um ástand í aðalgeymslu munasafns.

- Gerð yfirlits um safnkost í Vesturvör 14, þarfagreining og varðveisisluleiðir skoðaðar:**

Þrír háskólanemar voru ráðnir í 6 vikur í tengslum við átaksverkefni Vinnumálastofnunar. Þeir fóru yfir, tölusettu, merktu og ljósmynduðu á þriðja þúsund gripa í Vesturvör 14. Gott yfirlit er því til um hvað er á neðri hæð hússins, en efri hæðinni er ólokið. Lögðu þeir einnig fram tillögur að úrbótum á varðveislu. Tiltekt og umröðun fór einnig fram innanhúss og á lóð hússins. Tvö minni hús tekin niður og eitt skip fært á öruggari stað. Einn gámur tæmdur og honum skilað.

- Lokaáfangi í fyrsta hluta handbókar um varðveislu gripa:**

Unnið hefur verið að þýðingu og staðfæringu á handbók um varðveislu safnkosts í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Fyrsti áfangi verksins er á lokastigi og var kynntur á Farskóla safnmanna í Stykkishólmi í lok september. Verkefnið hefur hlotið stuðning úr Þjóðhátíðarsjóði.

- Gerð öryggishandbókar fyrir geymslurnar í Vesturvör 16:**

Öryggisnefnd vann úttekt á geymslunum með aðstoð verkfræðings Verkís og með ábendingum frá sérfræðingi Vinnueftirlits. Minnispunktar eru tilbúnir yfir viðbótarefni í öryggishandbókina, en endanlegum yfirlestri er ólokið og frestast því útgáfan til næsta árs.



- **Annað:**

- Húsasafn: Sængum og dýnum frá Keldum komið í varðveislu hjá safninu og til forvarðar.
- Samningur gerður milli Þjóðminjasafns og Þjóðskjalasafns um samstarf í vistun ljósmynda og skjala.

### 3.1.2 Söfnun þjóðhátta, muna og mynda með markvissri söfnunarstefnu. Helstu atriði:

- **Söfnun þjóðhátta, tvær nýjar spurningaskrár sendar út:**

Sendar voru út tvær spurningaskrár á árinu, nr. 112 um kreppuna, hrunið og búsáhaldabytinguna og nr. 113, heimatilbúið, viðgert og notað. Báðar skrárnar voru sendar á 700 manna úrtak úr þjóðskrá og var fólk gefinn kostur á að svara nafnlaust þar sem um viðkvæmt efni gat verið að ræða. Að auki var hægt að nálgast kannanirnar á netinu.

- **Veita viðtöku munum og myndum sem berast og eru í samræmi við fyrirliggjandi söfnunarstefnu:**

- Talsverðu var safnað af gripum í tengslum við sýningahald í safninu, annars vegar gripum sem tengjast búsáhaldabytingu og hins vegar sýningunni Klippt og skorið í horninu. Fengust mikilvægir gripir sem ekki voru til í safninu fyrir, en í ljós kom við rannsókn fyrir gerð sýningarinnar að þörf var á að safnið eignaðist.
- Skattholi Sveinbjarnar Egilssonar skálds var veitt viðtaka 1. desember á Bessastöðum en ákveðið var að þar skyldi það varðveitt. Tvær ágætar útskornar rúmfjalir auk postulínsgrípa féllu í skaut Þjóðminjasafns úr dánarbúi Dóru Theódórs Sigurjónsdóttur.
- Safnauki Ljósmyndasafns Íslands var 34 færslur, þ.á.m. má nefna frummyndir Ralphs Hannam, eins helsta ljósmyndara á Íslandi um miðbik 20. aldar, filmusafn Þórs Sandholt arkitekts og myndir úr fórum Gunnars M. Magnúss rithöfundar tengdar Virkinu í norðri, Súgfirðingabók og fleiri ritum sem hann skrifaði og gaf út.

- **Lokaáfangi söfnunar í verkefni í samtímasöfnun um leiki barna, í samstarfi við önnur söfn:**

Samstarfsverkefni um leiki barna hélt áfram á árinu og er gagnaöflun að mestu lokið. Góður árangur hefur náðst í þessu verkefni, sem má þakka góðu samstarfi Þjóðminjasafns við Byggðasafn Árnesinga, Byggðasafn Reykjanesbæjar, Minjasafn Austurlands, Minjasafnið á Akureyri, Minjasafn Reykjavíkur, Lækningaminjasafn Íslands og Þjóðfræðistofu.



- **Söfnun og skráning minjagripa sem tengjast Jóni Sigurðssyni vegna sýningar á 200 ára afmæli hans 2011:**  
Við undirbúning söfnunarinnar kom í ljós að ágætt safn slíkra gripa er til í einkaeigu og var því fallið frá þeirri hugmynd að safna sambærilegum gripum til Þjóðminjasafnsins.
- **Norrænt samstarfsverkefni – samtímasöfnun um brauð og brauðmenningu:**  
Verkefnið hélt áfram í verkefnisstjórn Lilju Árnadóttur og Gerðar Róbertsdóttur sem báðar sitja í stýrihópi NORSAM. Átta söfn á Íslandi taka þátt í verkefninu ásamt 26 norrænum söfnum. Markmið verkefnisins er að miðla þekkingu gegnum vefinn. Tvö námskeið voru haldin erlendis á árinu.
- **Annað:**  
Gripir í safni Jóns Sigurðssonar í Þjóðminjasafni, Þjóðmenningarhúsi og Jónshúsi í Kaupmannahöfn voru ljósmyndaðir vegna undirbúnings sýninga á 200 ára afmæli hans 2011.

### 3.1.3 Árleg útgáfa rannsóknarskýrsla (4) og greina um þjóðminjar.

Helstu atriði:

- **Skýrsla um Bessastaðarannsókn:**  
Guðmundur Ólafsson. (2010). *Bessastaðarannsókn 1987. Aðdragandi og upphaf – uppgraftarsvæði 1-11.* Skýrslur Þjóðminjasafns 2010/1. 230 bls. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- **Skýrsla um viðgerð á hökli Jóns Arasonar:**  
Frestað.
- **Skýrsla um fornleifarannsókn í Nesstofu:**  
Berglind Þorsteinsdóttir. (2008). *Nes við Seltjörn. Fornleifarannsóknir 2008.* Framvinduskýrsla. Vinnuskýrsla Þjóðminjasafns 2008/2.
- **Rannsóknarskýrsla um Guðmund bíld:**  
Frestað.
- **Safnastefna á sviði Þjóðminjavörsu:**  
Lokið var við gerð *Safnastefnu á sviði Þjóðminjavörsu fyrir árin 2010-2014* og hún kynnt á vorfundi Þjóðminjasafnsins og minjasafnanna. Stefnan var afrakstur samráðs við safnmenn um allt land og ritnefndar, sem í sátu fulltrúar allra landshluta.



- **Skýrsla um varðveislu Núpsstaðar:**

Frestað.

- **Greinar og pistlar:**

Águst Ó. Georgsson. 2010. „*Alltaf var þar eitthvað sem höfðaði til fólksins*“. *Jarðarfari og messur á öldum ljósvakans*. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2008-2009.

Águst Ó. Georgsson. 2010. „*Det skjer i Norden*“. Fartöyvern nr. 14, desember 2010.

Árný E Sveinbjörnsdóttir, Jan Heinemeier, Jette Arneborg, Niels Lynnerup, Guðmundur Ólafsson og Guðný Zoëga. (2010). *Dietary Reconstruction and Reservoir Correction of <sup>14</sup>C Dates on Bones from Pagan and Early Christian Graves in Iceland*. Proceedings of the 20th International Radiocarbon Conference, Ritstj. A. J. T. Jull.

Guðmundur Ólafsson. (2010). *Skáli, jarðhús og fleiri fornar minjar. Ferð að Tjaldbúð og Hrunakróki*. Rannsóknarskýrslur Þjóðminjasafns Íslands 1988/7. 17 bls. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. (2010). *Fornir seyðar á Hofsstöðum í Garðabæ*. Rannsóknarskýrslur Þjóðminjasafns Íslands 1985/4. 12 bls. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Guðmundur Ólafsson. (2010). *Bessastaðarannsókn 1987. Aðdragandi og upphaf – uppgraftarsvæði 1-11*. Skýrslur Þjóðminjasafns 2010/1. 230 bls. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Kristín Arnþórsdóttir. (2010). Bogasalurinn. Sérsýningar í Bogasal og Þjóðminjasafni 1950-1998.

Margrét Hallgrímsdóttir (2010). *Ísland og heimsminjaskrá UNESCO*. Pistill, þankar um þjóðminjar, Lesbók Morgunblaðsins, 9. maí 2010.

Margrét Hallgrímsdóttir (2010). *Söfn, setur og sýningar á Íslandi*. Pistill. þankar um þjóðminjar, Lesbók Morgunblaðsins, 6. júní 2010.

Margrét Hallgrímsdóttir (2010). *Byggingasögulegar perlur um allt land*. Pistill, þankar um þjóðminjar, Lesbók Morgunblaðsins, 4. júlí 2010.

Margrét Hallgrímsdóttir (2010). *Íslensku torfhúsin minjar um hugvit og fegurðarskyn*. Pistill, þankar um þjóðminjar, Lesbók Morgunblaðsins, 8. ágúst 2010.

Margrét Hallgrímsdóttir (2010). *Þjóð verður til*. Pistill, þankar um þjóðminjar, Lesbók Morgunblaðsins, 5. september 2010.



Magrét Hallgrímsdóttir (2010). *Safnastarf í blóma* ásamt Ágústu Kristófersdóttur. Morgunblaðið, 9. júlí 2010.

Magrét Hallgrímsdóttir (2010). *Yfir hafið og heim*. Pistill, Þankar um þjóðminjar, Lesbók Morgunblaðsins, 3. október 2010.

Magrét Hallgrímsdóttir (2010). *Endurfundir við liðinn tíma*. Pistill, Þankar um þjóðminjar, Lesbók Morgunblaðsins, 31. október 2010.

Magrét Hallgrímsdóttir (2010). *Þjóðháttasöfnun í hálfa öld*. Pistill, Þankar um þjóðminjar, Lesbók Morgunblaðsins, 5. desember 2010.

Steinunn Kristjánsdóttir (2010). *Fornleifafræðingurinn Ólafía Einarsdóttir*. Saga XLVIII:1, bls. 175-179.

Steinunn Kristjánsdóttir og Una Helga Jónsdóttir (2010). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir frístundabyggð í landi Hleinargarðs II í Eiðabinghá á Fljótsdalshéraði*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir, Ásta Hermannsdóttir og Una Helga Jónsdóttir (2010). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Laugarfell á Fellnafrétti í Fljótsdalshreppi*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir, Ásta Hermannsdóttir og Una Helga Jónsdóttir (2010). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir sumarbústaðabyggð í landi Víðivalla ytri í Fljótsdalshreppi*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir og Margrét Valmundsdóttir (í prentun). *Frá vöggvi til grafar. 300 ára saga Skriðukirkju*. Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 2010, bls. 123-138.

Steinunn Kristjánsdóttir (2010). *Icelandic Evidence for Late-Medieval Hospital: Excavations at Skriðuklaustur*. Medieval Archaeology [Notes], vol. 54, 371-381.

Steinunn Kristjánsdóttir (2010). *Kirkjur og kristni í nýnumdu landi*. Goðasteinn, bls. 103-115.

Steinunn Kristjánsdóttir og Gísli Kristjánsson (2010). *Skreiðin á Skriðu. Um tengsl milli Skriðuklaustur og Suðursveitar á 16. öld*. SAGA XLIX:2, 49-63.

Steinunn Kristjánsdóttir (2010). *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna*. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2009. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XXV. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.



Steinunn Kristjánsdóttir (2010). *The Tip of the Iceberg – The Material of Skriðuklaustur Monastery and Hospital.* Norwegian Archaeological Review, 43(1), bls. 44-62.

Steinunn Kristjánsdóttir & Cecilia Collins (2010). *Cases of Hydatid Disease in Medieval Iceland.* International Journal of Osteoarchaeology. DOI: 10.1002/oa.1155.

Steinunn Kristjánsdóttir (2010). *Sullaveiki á 16. öld.* Glettingur 52, bls. 23-25.

#### Veggspjöld

Margrét Valmundsdóttir, Sheila Hamilton-Dyer og Steinunn Kristjánsdóttir (2010). *Lesið úr dýrabeinum.* Hugvísindaþing Háskóla Íslands 2010. Háskóli Íslands.

#### 3.1.4 Lok rannsóknarverkefna. Helstu atriði:

- **Lokið við 1. og 2. áfanga Bessastaðarannsókna (árin 1987 og 1988):**  
Lokið var við 1. áfanga Bessastaðarannsóknarinnar (1987) og unnið að úrvinnslu fyrir 2. áfanga.
- **Refilsaumur – textílrannsókn Elsu E. Guðjónsson:**  
Útgáfusamningur milli höfundar og Þjóðminjasafns var undirritaður í júlí 2010 og lauk rannsókninni síðla árs. Elsa E. Guðjónsson lést í nóvember 2010.
- **Lok rannsóknarverkefnis um ljósmyndir í rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárn:**  
Verkefnið er á lokastigi.
- **Annað:**  
Tvö rannsóknarverkefni voru unnin í húsasafni Þjóðminjasafnsins með tilstyrk Þjóðhátíðarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs námsmanna.
  - Sunnefa Völundardóttir. (2010). Híbýlahættir og byggingarsaga þverár í Laxárdal. Lokaskýrsla Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Þjóðminjasafn Íslands.
  - Þorbjörg Ásgeirs dóttir. (2010). Skipalón: minjar og minningar. Lokaskýrsla Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Þjóðminjasafn Íslands.

#### 3.1.5 Þverfagleg verkefni innan Þjóðminjasafns. Helstu atriði (sjá einnig annars staðar):

- **Fyrir ári, samstarf um söfnun gripa og þjóðháttar og sýningargerð:**  
Í janúar 2010 var sett upp á Torgi í safnhúsinu sýningin *Fyrir ári*, þar sem fjallað var um búsaðabýtinguna í janúar 2009. Fólk var hvatt til að gefa safninu gripi sem tengdust mótmælunum og jafnframt var send út spurningaskrá um kreppuna.



- **Útgáfa í samstarfi við fleiri um Kirkjur Íslands, Kirkjur í Snæfells- og Dalaprófastdæmi (2 bindi). Undirbúningur að næstu bindum:**

Bækur um kirkjur í Snæfells- og Dalaprófastdæmi voru gefnar út á árinu. Unnið var að ritun bindis um kirkjur í Rangárvallaprófastdæmi, ásamt ljósmyndun. Þá fór fram skráning og heimildaöflun um gripi í friðuðum kirkjum í Austfjarðaprófastsdæmi.

- **Verkefni í samtímasöfnun um leiki barna:**

Sjá kafla 3.1.2.

- **Samstarf við Háskóla Íslands um kennslu (m.a. vettvangsnámskeið í fornleifauppgreftri og fornleifaskráningu) og undirbúningur afmælishátiðar árið 2011:**

Samstarfssamningur Hí og Þjóðminjasafns var endurnýjaður þann 1. september. Samstarfsnefnd með fulltrúum beggja aðila fylgir samningnum eftir. Formaður er dr. Steinunn Kristjánsdóttir, dósent í fornleifafræði við Háskóla Íslands og verkefnastjóri í fornleifafræði við Þjóðminjasafn Íslands, en þessi sameiginlega staða er einn af hornsteinum samstarfsins.

Guðmundur Ólafsson stjórnaði vettvangsnámskeiði í fornleifafræði, um fornleifaskráningu, við H. í. á haustönn 2009 og var aðstoðarkennari á vettvangsnámskeiði um fornleifauppröft á vorönn, frá 10. maí – 4. júní.

- **Annað:**

Umsjón með undirbúningi og skipulagningu björgunaraðgerða á Skógunum í tengslum við eldgos frá Eyjafjallajökli.

Nathalie Jacqueminet. (2010). Hreinsunarátak á Skógasafni í apríl 2010: Aðdragandi, skipulagning og framkvæmnd. Þjóðminjasafn Íslands: vinnuskýrsla.

### 3.1.6 Árleg skráning (10%) safnkosts Þjóðminjasafns (hlutfall af óskráðum safnkosti), myndir, munir, hús og fornleifar. Helstu atriði:

- **Lagfæringer og/eða lyklun á skráningum vegna uppfærslu Sarps:**

Vinna við lagfæringer og leiðréttigar á gögnum í Sarpi 2.0 vegna yfirfærslu þeirra í Sarp 3.0 var umfangsmikil á árinu. Var þar bæði um að ræða lagfæringer á efnisorðum, nöfnum í hinum ýmsu svæðum í gagnagrunninum, staðsetningar, stærð, aldur, gerð og fleiri þvílík atriði. En vegna endurheimtu skjala í kjölfar hruns í gagnagrunni Sarps 2.0 fyrri hluta apríl hefur mikil vinna farið í að finna þessi skjöl í síðasta afriti fyrir hrunið og að vissu marki endurtaka leiðréttingarnar í þeim skjölum. Þeirri vinnu lauk ekki að fullu fyrir áramótin.

- **Grunnskráning á 3000 ljósmyndum:**



Safn Björns M. Arnórssonar (1.905), myndir Ralph Hannam (41), Einar Kristjánsson (2.235) og Sigurður Guðmundsson (2.070). Alls 6.251 eða vel yfir settu marki.

- **Lokaáfangi í skráningu á ljósmyndasafni frá Vegagerðinni:**  
Ekki var unnið að verkefninu þó að styrkveiting fengist til þess frá Vegagerðinni.
- **Skráning á 20.000 ljósmyndum úr safni Hjálmars Bárðarsonar:**  
Skráðar færslur á árinu eru 6.081. Mikið vantar á að náðst hafi tilskilinn árangur, sem skýrist þó að hluta af því að ekki var starfsmaður allt árið við verkið eins og gert hafði verið ráð fyrir.
- **Skráning safnauka 2010 í munasafni:**  
Öll aðföng skráð. Alls eru færslur í aðfangabók munasafns 67 og þar af eru 38 á fornleifarannsóknum.
- **Áfangi í ítarskráningu gripa frá Nordiska Museet:**  
Unnið var að vistun gripa frá Nordiska museet. Frekari ítarskráning var látin bíða.
- **Aðfangaskráning þjóðháttar:**  
Ný aðföng til þjóðháttasafns voru skráð 118 talsins.
- **Flokkun, frágangur og skráning í Gegni á 500 ritum úr safni Kristjáns Eldjárns:**  
Flokkun og skráningu lauk á öllu safni Kristjáns, en eftir er að koma tímaritum fyrir í þéttiskápum sökum plássleysis.
- **Flokkun og skráning á íslensku smáprenti (25 öskjur):**  
Lokið var við verkið.
- **Skráning teikninga úr húsassafni og fornleifasafni í Sarp:**  
Flokkun og merkingu er lokið, en ákveðið var að skrá þær beint þar til gert snið í Sarp 3.0, sem hefur enn ekki verið tekin í notkun.
- **Innsláttur fyrirliggjandi skráa í Sarp í fjarvinnslu (m.a. gæðaeftirlit á skráningu spurningaskrár 1-15 í samanburði við frumgögn):**  
Tölувert var slegið inn í fjarvinnslu, lokið að mestu við síðasta stóra mannamyndasafnið (LG3) auk nokkurra minni myndaskráa og mikið unnið við innsetningu og innslátt á þjóðháttaeftirlit, mun meir en undanfarin ár. Gæðaeftirlit var gert á sp.skrám 1-5 og kom ýmislegt í ljós við þá vinnu, bæði svör sem ekki voru innslegen sem og staðsetning og aldur. Einnig var unnið nemaverkefni þar sem fyrstu 370 númerin í aðfangabók voru yfirfarin og upplýsingum bætt við, t.d. dagsetningum.

- **Innskönnun og vistun á ljósmyndum af safngripum og úr Ljósmyndasafni Íslands:**  
Skannaðar voru allar finnanlegar litfilmur af munum í munasafni, og svart/hvítum ef ekki var til litmynd, yfirfarið af ljósmyndara safnsins og vistað á hörðum disk, um 2000 myndir. Þá voru skannaðar 6x6 skyggjur og sv/hv filmur frá Hjálmar R. Bárðarsyni um 8500 myndir og unnið var tveggja vikna prufuverkefni með 35mm skyggjur í römmum sem gaf 2580 myndir.
- **Áfangi í skráningu á húsviðum í Dugguvogi:**  
Skráðir voru viðir frá Rauðhúsum sem komu til safnsins árið 1996.
- **Annað:**
  - Skráning á sýningum í Bogasal Þjóðminjasafnsins frá 1950-1998, með stuðningi Vinnumálastofnunar.  
Kristín Arnþórðsdóttir. (2010). Bogasalurinn. Sérsýningar í Bogasal og Þjóðminjasafni 1950-1998.
  - Skráning á hljóðritasafni og afritun efnisins á stafrænt form, með stuðningi Þjóðhátíðarsjóðs og Vinnumálastofnunar.

## 3.2 Miðlun og þjónusta

### 3.2.1 Öflug sýningarstarfsemi. Helstu atríði:

Á árinu 2010 stóð Þjóðminjasafn Íslands að alls 15 sýningum. Þar af var ein í Myndasal, tvær í Bogasal, tvær í Horninu, tvær sýningar í Forsal á 3. hæð safnsins og átta sýningar á Torgi á 1. hæð safnsins.

- **Sýningin Endurfundir í Myndasal 31. jan. 2008 – 31. des. 2010:**  
Fornleifasýningin Endurfundir stóð til áramóta og hafði þá staðið í tvö ár, en ákveðið var að framlengja hana vegna aðhalds í rekstri safnsins. Aðsókn að sýningunni var ágæt, eða 40.850 gestir alls.
- **Ævispor – Útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur í Bogasal 30. jan. – 25. apríl:**  
Á sýningunni voru sýnd útsaumsverk Guðrúnar, sem hún hafði saumað á árunum 1960-2009 með gömul handrit og forn útsaumuð kæði að fyrirmund. Sýningin vakti mikla athygli og fékk góða dóma og sóttu hana alls 5.160 gestir.
- **Sögustaðir – Í fótspor W.G. Collingwoods í Bogasal maí – des. 2010:**



Sýningin var framlag safnsins til Listahátíðar. Þar voru sýndar ljósmyndir Einars Fals Ingólfssonar, ásamt teikningum og ljósmyndum W.G. Collingwoods frá árinu 1897. Alls komu 17.322 gestir á sýninguna.

- **Textílar úr eigu safnsins voru settir upp í Forsal á 3. hæð:**

Þann 30.01.2010 var opnuð á þriðju hæð sýningin *Útsaumsverk úr eigu safnsins*, en athyglisverður hluti safnkosts Þjóðminjasafns Íslands eru útsaumuð handaverk listfengra kvenna á ýmsum tínum.

- **Tvær minni sýningar í Horni á 2. hæð safnsins:**

- Sýningin um Ásu Wright, sem var opnuð 28.11.2009, stóð fram í maí 2010.
- 13. maí 2010 var opnuð sýningin *Klippt og skorið – um skegg og rakstur*, en þar voru sýnd ýmis áhöld sem notuð voru af hárskerum og í heimahúsum við klippingu og rakstur.

- **Nokkrar minni sýningar á Torgi í anddyri safnsins, vörukynningar í tengslum við safnbúð, kynningar á einstökum listamönnum, jólasýning o.fl.**

Á árinu 2010 voru settar upp átta sýningar á Torginu. Ekki var gefinn út bæklingur með þessum sýningum, heldur einungis settur upp skýringatexti á vegg eða hljóðsettur. Boðskort voru einungis send út rafrænt en flestar þeirra voru opnaðar formlega og boðið upp á veitingar af einhverju tagi og jafnvel tónlistaratriði í boði sýnenda.

- *Fyrir ári 15.1. - 8.3.* Sýning á gripum sem komu við sögu í mótmælunum í kjölfar efnahagshrunsins 2008, m.a. mótmælaspjöld, ílát, dreifibréf, gashylki og fleira sem ýmist kom frá almenningi eða safnaðist á vettvangi. Samhliða sýningunni sendi safnið út spurningaskrá um kreppuna sem var aðgengileg á heimasíðu safnsins og á sýningunni.
- *þjóðbúninqabréður Sigríðar Kjaran: 14.3.* Í tengslum við Þjóðbúninqadaginn sem haldinn var hátiðlegur í safninu laugardaginn 14. mars voru sýndar nokkrar af þjóðbúninqabréðum Sigríðar Kjaran sem hún gaf safninu árið 2001.
- *Hönnunarmars: 17. - 21.3.* Sýning Textílfélagsins *Vendum okkar kvæði í kross* var sett upp í Kaffitári. Sýndir voru ýmsir nytjahlutir og götumál.
- *Drekastólar eða stóladrekar: 22.4.-17.5.* Sýning í tengslum við Barnamenningaráhátíð Reykjavíkur. Sýnd voru verk nemenda í Myndlistarskólanum í Reykjavík. Nemendur sóttu innblástur til Þjóðminjasafnsins er þeir breyttu venjulegum borðstofustólum í ævintýralega drekastóla á námskeiði skólans: Myndlist – handverk – hönnun.
- *þjóðsöqur: 22.5.-29.8.* Sýning á útskurðarverkum Ingibjargar Helgu Ágústsdóttur. Verkin fjalla um þjóðsögurnar Lagarfljótsorminn, Ragnhildi á



Rauðhömrum, Guð launar fyrir hrafninn, Selshaminn og Einhvers staðar verða vondir að vera. Á sýningunni var einnig hægt að hlusta á sögurnar í heyrnartólum, bæði á ensku og íslensku.

- Fram til fortíðar: 9.9.-17.10. Sýning á vegum Byggðasafnsins Hvols á Dalvík. Munir úr byggðasafninu voru listamönnunum sem þáttóku, innblástur að nýju myndverki – listaverki. Listamennirnir voru Margrét Jónsdóttir (leirlist), Þórdís Jónsdóttir (textíll), Íris Ólöf Sigurjónsdóttir (textíll) og Þórarinn Blöndal (blönduð tækni).
- Forngrípasafnið: 23.10.-28.11. Sýning á myndum eftir Sigrúnu Eldjárn úr tveimur nýútgefnum bókum hennar og Þórarins Eldjárn, Forngrípasafninu og Árstíðunum. Höfundarnir árituðu bækur sínar við opnunina.
- Sérkenni sveinanna: 5.12. 2010-6.1.2011. Hús jólasveinanna á Torgi – með ýmsum þeim munum sem einkenna hvern og einn þeirra.
- Forngrípasafnið: 23.10.-28.11. Sýning á myndum eftir Sigrúnu Eldjárn úr tveimur nýútgefnum bókum hennar og Þórarins Eldjárn, Forngrípasafninu og Árstíðunum. Höfundarnir árituðu bækur sínar við opnunina.
- Sérkenni sveinanna: 5.12. 2010-6.1.2011. Hús jólasveinanna á Torgi – með ýmsum þeim munum sem einkenna hvern og einn þeirra.

#### **Annað:**

Jólatré úr safneign voru sett upp og skreytt á 3. hæð (5.12.2010. – 6. 1.2010).

#### Grunnsýning:

- **Endurhönnun á svæði um Jón Sigurðsson í grunnsýningunni í tilefni af 200 ára afmælisári hans 2011:**  
Styrkur fékkst frá Þjóðhátiðarsjóði að upphæð 500.000 kr. og var hann notaður til að hefja endurhönnun svæðisins. Margmiðlunarefni um Jón Sigurðsson verður komið þar fyrir og áherslum breytt.
- **Gripum frá árunum 2001-2010 bætt við á færibandinu á 3. hæð:**  
Ákveðið var að fresta þessu verkefni til 2011.
- **Tímaás á 3. hæð endurgerður:**  
Tímaás sá, sem settur var upp við enduropnun safnsins 2004, var úr sér genginn og þjónaði ekki lengur tilgangi sínum. Því var ákveðið að einfalda hann og endurhanna. Hönnunarvinnu lauk á árinu og verður hann settur upp í nýrri mynd innan skamms.
- **Skemmtimenntarherbergi endurnýjuð:**  
Stofa með gripum og ljósmyndum frá árunum 1955-60 var sett upp, og verður hún nýtt í minningarvinnu með eldri borgurum en einnig opin almennum safngestum.



- **Lagfæringar á Aldarspegli, tölva sett í sýninguna:**

Aldarspegill er heitið á þeirri ljósmyndasýningu sem sýnd er á vegg innst á þriðju hæð safnsins. Lengi hefur staðið til að búa svo um hnútana að hægt væri að skoða þessar myndir á tölvuskjá í sýningunni og fá jafnframt upplýsingar um myndefnið. Nú er búið að útbúa fjóra flokka: Samgöngur, Bernskan, Portrett og loks Aldarspegil, sem eru myndir frá öllum áratugum síðustu aldar.

- **Frágangi á textum lokið:**

Endurgera þurfti nokkra texta í grunnsýningunni, m.a. í baðstofunni og í miðaldakirkjunni og er þeim endurbótum nú að mestu lokið.

- **Endurbætur gerðar á lýsingu:**

Farið var yfir alla lýsingu í grunnsýningunni og lagfært þar sem þurfti. Lýsingin hefur nú verið aukin allvíða, en nokkuð hafði borið á því að gestum þætti of drungalegt í sýningunni og erfitt að lesa texta. Er þetta liður í því að bæta aðgengi í sýningunni.

**Annað:**

- **Þátttaka í undirbúningi sýninga á 200 ára afmælishátið Jóns Sigurðssonar 2011:** Efnt var til samkeppni um nýja sýningu á Hrafnseyri. Valin var tillaga frá Basalt arkitektum og verður sýningin opnuð 17. júní 2011. Sviðsstjóri miðlunarsviðs átti sæti í dómnefnd. Einnig var efnt til samkeppni um minjagrip í tilefni afmælisins og voru tvö verkefni styrkt til framleiðslu. Þjóðminjavörður átti sæti í dómnefnd um hönnun minjagrips.
- **Fjarskiptasafnið** í Loftskeytastöðinni við Suðurgötu var opið gestum alla sunnudaga á tímabilinu 19. september til 14. nóvember og var aðgangur ókeypis.
- **Sýning um Ásu G. Wright** var send til Stykkishólms þar sem hún var sett upp í Norska húsinu um vorið og stóð þar til hausts.

### 3.2.2 Útgáfa sýningarskrár með hverri sýningu. Helstu atriði:

- **Bókin *Ævispor – Útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur* gefin út í tengslum við samnefnda sýningu:**

Bókin var gefin út með styrk frá fjölskyldu Guðrúnar. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður ritaði formála, Þóra Kristjánsdóttir skrifaði grein um útsaum Guðrúnar og dætur Guðrúnar skrifuðu æviágrip. Ritstjóri var Bryndís Sverrisdóttir. Bókinni var mjög vel tekið og hún seldist vel í safnbúðinni.



- **Bókin *Sögustaðir - Í fótspor W.G. Collingwoods* gefin út í tengslum við samnefnda sýningu:**

Einar Falur Ingólfsson skrifaði textann í bókina en Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður ritaði formála. Bókin fékk tilnefningu til íslensku bókmenntaverðlaunanna 2010. Bókin var gefin út í samstarfi við Crymogeu.

- **Annað:**

Lítill bæklingur var gefinn út með sýningunni *Klippt og skorið – um skegg og rakstur í Horninu*.

### 3.2.3 Útgáfa rannsóknarrita sem byggja á rannsóknum innan safnsins.

Helstu atriði:

- **Útgáfa á niðurstöðum Reykholsrannsóknar:**

Frestað.

- **Útgáfa á Kirkjum Íslands, Snæfells- og Dalaprófastdæmi (2 bindi):**

- Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.)(2010). *Friðaðar kirkjur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi : Dagverðarneskirkja, Hjarðarholtskirkja, Hvammskirkja, Nafeyrarkirkja, Skarðskirkja, Snóksdalskirkja, Staðarfellskirkja, Staðarhólskirkja.* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa.
- Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.)(2010). *Friðaðar kirkjur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi: Bjarnarhafnarkirkja, Búðakirkja, Helgafellskirkja, Ingjaldshólskirkja, Rauðamelskirkja, Setbergskirkja, Staðarhraunskirkja, Stykkishólmskirkja.* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa.

- **Annað:**

Að auki komu út 5 rannsóknarskýrslur, sjá kafla 3.1.3.

### 3.2.4 Öflugt kynningarstarf. Nýr og áhugaverður vefur Þjóðminjasafns.

Helstu atriði:

- **Sendar verði að minnsta kosti 120 fréttatilkynningar á árinu í tengslum við stærri og smærri viðburði og uppákomur á safninu, sýningar, fyrilestra og fleira:**

Sendar voru alls 130 tilkynningar um sýningar, viðburði o.fl.

- **Grunnur fyrir fréttatilkynningar sem fara út af netfanginu Þjóðminjasafn Íslands – fréttatilkynning verður tekinn í notkun:**

Grunnurinn verður tekinn í notkun í byrjun árs 2011.



- Safnið verði áfram sýnilegt á rafrænum samskiptavefum, þá einna helst Facebook, og tilkynningar sendar út eftir þessum leiðum. Fjölda vinum/aðdáendum:**  
Í janúar 2010 hafði safnið tvær samskiptaleiðir á Facebook, annars vegar „page“ eða aðdáendasíðu, og hinsvegar hópinn „Vinir Þjóðminjasafnsins“. Meðlimir voru 389 og 343 í árslok 2009, oft sömu einstaklingarnir í báðum hópum. Ákveðið var á árinu að sameina hópana og efla frekar aðdáendasíðu safnsins. Þar eru nú 845 aðdáendur alls, en stefnt er að stórfelldu átaki á þessu sviði á nýju ári. Á nýrri forsiðu fyrir heimasíðu safnsins sem tekin verður í notkun mánaðarmótin janúar/febrúar 2011 verður tengill á facebooksíðu safnsins og gestum boðið að gerast aðdáendur.

Vefurinn:

- Uppfærsla vefumsjónarkerfisins í Eplica 2.0:**  
Vefumsjónakerfi heimasíðu safnsins var uppfært í Eplicu 2.0, en nýtt kerfi auðveldar vinnu með vefinn svo um munar.
- Greinar verði settar inn á vefinn í tengslum við sýningar, uppákomur, fyrirlestra og annað, minnst 80 á árinu:**  
Alls voru 293 nýjar greinar settar á vefinn, flestar í tengslum við sýningar og viðburði í safninu, auk nýrrar undirsíðu um íslenska jólasiði.
- Fjölmíðlaherbergi (pressroom) verði tekið í notkun til að auðvelda fjölmíðlamönnum og öðrum að nálgast helstu upplýsingar um safnið og starfsemi þess. Fjölmíðlaherberginu er einnig ætlað að vísa í helstu umfjallanir fjölmíðla um safnið:**  
Fjölmíðlaherbergið er aðgengilegt frá og með janúar 2011. Þar eru fyrst um sinn upplýsingar um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins *þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár* auk ljósmynda frá starfsemi safnsins, en samhliða nýjum sérsýningum munu upplýsingar birtast um þær hér.
- Gerðar verði sérstakar undirsíður fyrir stærri sýningar safnsins:**  
Sérstakar undirsíður voru gerðar fyrir sýningarnar *Fyrir ári, Ævispor – útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur, Klippt og skorið – um skegg og rakstur og Sögustaðir – í fótspor W.G. Collingwoods.*
- Unnið verði áfram að endurbótum á enskum vef safnsins:**  
Textar voru uppfærðir á enskum vef safnsins á árinu og auðum krækjum var eytt út. Textum í tengslum við grunnsýninguna var bætt við, auk upplýsinga um íslenska jólasiði.



- **Annað:**

Í desember 2010 var heimasíða safnsins tengd við Google analytics. Nú er hægt að fylgjast af kostgæfni með umferð um vef safnsins og sjá t.d. hvaða síður gestir skoða mest, hvaðan gestir koma og margt fleira.

Ný forsíða var hönnuð fyrir heimasíðu safnsins og verður tekin í notkun í upphafi árs 2011. Sú síða mun auðvelda yfirsýn yfir sýningar, viðburði og annað sem er á döfinni, auk þess að bjóða gestum upp á að skrá sig á póstlista safnsins og í aðdáendahóp safnsins á Facebook.

Bæklingar:

- **Grunnsýningarbæklingur og bæklingur um safnið sameinaðir og þýddir á frönsku og dönsku:**

Bæklingarnir tveir voru sameinaðir í einn bækling og hann þýddur á ensku. Dönsk þýðing er í vinnslu.

- **Prentun bæklings með sumardagskrá safnsins:**

Sumardagskrárbæklingur safnsins var prentaður samkvæmt áætlun.

- **Prentun bæklings með vetrardagskrá safnsins:**

Vetrardagskrárbæklingur safnsins var sameinaður (áður hafa verið gefnir út tveir bæklingar, á íslensku og ensku) og prentaður samkvæmt áætlun.

- **1-2 bæklingar um hús í eigu Þjóðminjasafnsins gefnir út:**

Texti í bækling fyrir Reykholt er í vinnslu.

- **Fræðslubæklingar um ýmis efni í grunnsýningu:**

Prentaðir voru fjórir fræðslubæklingar á árinu: *Íslenskir skór*, *Baðstofulíf*, *Prentlist á Íslandi* og *Útilegumenn*.

Annað:

- **Gestakönnun sem gerð er í samstarfi við safnaráð sett upp í tölvu í anddyri:**

Gerð var könnun í júlí og október og liggja niðurstöður fyrir. Afstaða gesta til safnsins og sýninganna var almennt jákvæð. Þó komu í ljós nokkur atriði sem þarf að lagfæra. Könnunin verður endurtekin tvívar á ári.

- **Vegvísar og skilti sett upp við 4 hús í Húsasafni Þjóðminjasafnsins:**

Skiltin eru tilbúin og verða sett upp með vorinu.



- **Kynningarbæklingur fyrir fornleifakjallarann á Bessastöðum:**

Unnið var að gerð bæklings fyrir styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna og í samstarfi við skrifstofu Forseta Íslands. Var verkefnið í hópi 20 verkefna sem stjórн Nýsköpunarsjóðs valdi til að fara áfram til dómnefndar Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands, sem veitt verða í febrúar 2011.

### 3.2.5 Vönduð safnfræðsla í góðu samstarfi við skólakerfið og í samhengi við námsskrá. Helstu atriði:

Safnfræðsla:

- **Fjölbreytt fræðslustarfsemi og boðið upp á skipulagðar heimsóknir fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.**

Boðið var upp á 15 mismunandi leiðsagnir fyrir skólahópa.

- Fjöldi leikskólabarna: 1295
- Fjöldi grunnskólabarna: 4689
- Fjöldi framhaldsskólanema: 1198
- Fjöldi háskólanema: 550
- Fjöldi í barnaleiðsögn á sunnudögum: 182
- Fjöldi einstaklinga sem komu á jólasveinadagskrá: 4793
- Fjöldi eldri borgara: 338
- Fjöldi einstaklinga sem komu með öðrum sérhópum: 118
- Fjöldi kennara sem komu með hópum: 748

**Samtals var fjöldi: 13.911**

- **Háskólanemum á inngangsnámskeiðum boðið í kynningu, þar sem starfsemi safnsins, sýningar, bókasafn og Sarpur verða kynnt. Búist er við um 500 nemendum í kynninguna árið 2010:**

Boðið var áfram upp á skipulagða dagskrá fyrir háskólanema í inngangsnámskeiðum Háskóla Íslands í samstarfi við bóka- og heimildasafn Þjóðminjasafns og sýningarástjóra. Tekið var á móti 620 nemum í almenna kynningu á safninu og Bóka- og heimildasafninu.

- **Boðið verður upp á leiðsögn og verkefni í tengslum við sýninguna *Sögustaðir - í fótspor Collingwoods*:**

Ákveðið var að bjóða ekki upp á eiginlega leiðsögn um sýninguna fyrir skólahópa heldur útbúa verkefni fyrir einstaklinga og hópa á eigin vegum. Gerð voru tvenns konar verkefni um sýninguna sem voru aðgengileg á heimasíðu safnsins og í móttökunni. Fyrra verkefnið var hugsað fyrir grunnskólabörn í 3.- 5. bekk en það seinna fyrir framhaldsskólanema.



- **Leiðsögn og verkefni um sýninguna Endurfundi fyrir grunn- og framhaldsskóla og hópa frá frístundaheimilum:**

Afram var boðið upp á leiðsögn og verkefni um sýninguna *Endurfundi*.

- **Leiðsögn fyrir hópa í fermingarfræðslu:**

Boðið var upp á sérstaka leiðsögn fyrir börn í fermingarfræðslu. Alls komu 115 börn í leiðsögnina í 5 hópum.

- **Útgáfa á 2 fræðslubæklingum í tengslum við grunnsýninguna. Ætlunin er að gefa út alls 24 bæklinga í þessari röð og eru þegar komnir 4 bæklingar. Þeir verða þýddir á ensku á árinu:**

Ákveðið var að fresta þýðingu og gerð fleiri fræðslubæklinga til næsta árs en láta þess í stað þýða jólavefsíðu Þjóðminjasafnsins á ensku. Voru allar helstu upplýsingar jólavefsíðunnar þýddar og gerðar aðgengilegar á enskum vef safnsins.

Leiðsögn og viðburðir:

- **Ensk leiðsögn á miðvikudögum, laugardögum og sunnudögum á sumrin:**

Á tímabilinu 1. maí til 15. september var ensk leiðsögn í boði á miðvikudögum, laugardögum og sunnudögum, alls 60 sinnum.

- **Barnaleiðsögn fyrsta sunnudag hvers mánaðar yfir vetrartímann:**

Barnaleiðsögn var í boði fyrsta sunnudag hvers mánaðar yfir vetrartímann og komu alls 182 börn.

- **Vegleg dagskrá tengd árlegum viðburðum: Safnanótt, sumardagurinn fyrsti, Menningarnótt, jóla-og aðventudagskrá. Ráðgert að um 800-1000 manns sækí hvern atburð nema jóladagskrá ca. 5.000 manns:**

- *Safnanótt*: Þema Safnanætur 2010 var *draumar* og bauð Þjóðminjasafnið upp á fjölbreytta dagskrá. Sýndar voru tvær kvikmyndir í fyrirlestrarsal, barnamyndin *Palli var einn í heiminum* og leikin heimildamynd um rithöfundinn Ragnheiði Jónsdóttur *Draumur um draum*. Nemendur úr Klassíkska listdansskólanum sýndu dans, karlakórinn Þrestir tók lagið og Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og Hjörleifur Hjartarson sungu íslensk alþýðulög. Metaðsókn var á viðburðinn og komu alls 1.800 gestir.
- *Sumardagurinn fyrsti*: Í ár var sumardagurinn fyrsti hluti af Barnamenningarhátið í Reykjavík og var þema hátíðarinnar var *forvitni*. Gerður var nýr ratleikur um safnið um börn í gamla daga og sérstök hljóðleiðsögn fyrir börn var tekin í notkun. Boðið var upp á listasmiðju, Möguleikhúsið sýndi barnaleikritið *Landið Vifra* og á Torginu var sett upp sýning á listaverkum barna við Myndlistarskólann í Reykjavík. Alls komu 559 gestir.



- *Menningarnótt:* Þema Menningarnætur 2010 var *strætin óma* og var fjölbreytt dagskrá í boði. Leiðsögn var á ensku um grunnsýningu safnsins og bauð Einar Falur Ingólfsson upp á leiðsögn um ljósmyndasýningu sína *Sögustaði*. Boðið var upp á listasmiðju fyrir börn og fór Vöggur huldustrákur með börnin í leiðsögn um grunnsýningu safnsins. Sýnd var kvíkmynd Lofts Guðmundssonar um Reykjavík í fyrirlestrarsal, Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir og Hólmfríður Jóhannesdóttir fluttu óperuaríur og dúetta, tríóið *Guitar Islancio* sló ljúfa gítarstrengi og slegið var upp harmóníkuballi þar sem *Vindbelgirnir* léku fyrir dansi. Alls komu 1.376 gestir.
  - *Aðventan-jóladagskrá:* Jólasveinadagskráin var á 2. hæð safnsins í ár, líkt og í fyrra, og heppnaðist vel. Alls komu 4.793 gestir.
- **Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi einstaklinga í skipulagða fræðslu, kynningar fyrir skólahópa og á jólasveinadagskrá verði alls um 13 -14 000 árið 2010:**  
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í skipulagða fræðslu, kynningar fyrir skólahópa og á jólasveinadagskrá á árinu var 13.911.

### 3.2.6 Vönduð safnbúð og framleiðsla minjagripa

- **Áframhaldandi viðleitni til að efla safnbúðina:**  
Framleiddir voru seglar fyrir Collingwoodsýninguna, pennar, bolir með munstri úr Sjónabókinni og fleira smálegt. Þórlíkneskið er enn í vinnslu. Ungur hönnuður kom í tveggja mánaða sumarstarf í tengslum við átaksverkefni Vinnumálastofnunar og hannaði minnisbók úr skinni fyrir búðina.

### 3.2.7 Aðgengi fyrir alla í víðum skilningi. Helstu atriði:

- **Sérstök leiðsögn um grunnsýninguna og snertisafn fyrir blinda og sjónskerta á öllum aldri:**  
Þróuð var sérstök leiðsögn um grunnsýninguna og snertisafnið fyrir blinda og sjónskerta, annars vegar fyrir börn og unglunga en hins vegar fyrir fullorðna. Aukin aðsókn hefur verið að snertisafninu í ár þar sem það hefur einnig verið nýtt fyrir börn og eldri borgara.
- **Sérstök leiðsögn fyrir einstaklinga með andlega fötlun:**  
Gerðar voru leiðbeiningar um það hvernig best væri að leiðsegja einstaklingum með andlega fötlun um safnið og byggjast þær á almenndri leiðsögn um grunnsýninguna.



- **Sérhönnuð leiðsögn og minningavinna fyrir aldraða í stofu með gripum og ljósmyndum frá árunum 1955-65:**

Hafist var handa við að þróa leiðsögn og minningarvinnu fyrir aldraða í minningarherbergi um árin 1955-65. Þeiri vinnu er enn ekki lokið og er búist við að fyrstu hópar eldri borgara komi í þessa leiðsögn fljótlega á nýju ári.

- **Hljóðleiðsögn á pólsku tekin í notkun:**

Hljóðleiðsögn á pólsku var tekin í notkun haustið 2010.

- **Hljóðleiðsögn fyrir grunnsýninguna þýdd á sænsku á árinu:**

Hljóðleiðsögnin var þýdd á sænsku á árinu og verður lesin inn og tekin í notkun 2011.

- **Sérstök hljóðleiðsögn fyrir börn tekin í gagnið:**

Hljóðleiðsögn fyrir börn á íslensku og ensku var tekin í notkun á sumardaginn fyrsta.

- **Áframhaldandi viðleitni til að kynna safnið fyrir innflyttendum með því að bjóða leiðsögn á þeirra móðurmáli á þjóðhátíðardögum þeirra:**

Boðið var upp á leiðsögn á ungversku, þýsku og pólsku á árinu. Alls komu 26 í ungversku leiðsögnina, 12 í þýsku leiðsögnina og 20 í þá pólsku.

Sérsýningar:

- **Heimilisfólk á dvalarheimilum aldraðra boðið að koma á sýninguna *Ævispor*:**

Eldri borgurum var sérstaklega boðið að koma og fá kynningu á sýningunni *Ævispor - útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur* og voru alls 338 einstaklingar sem nýttu sér það.

- **Tvær ljósmyndagreiningarsýningar settar á vefinn:**

Ljósmyndagreiningarsýning með myndum Geirs Zöega er komin á vefinn. Vegna tæknilegra örðugleika verður fleiri sýningum ekki bætt við fyrr en 2011.

Vefurinn:

- **Lögð sérstök áhersla á vefinn fyrir sérsýningar:**

Á vefnum er hægt að nálgast margs konar fróðleik, ítarefni og myndir af sýningum. Verkefni fyrir skóla eru á heimasíðunni og skemmtiefni fyrir börn.

- **Nýtt púsl og minnisspil á rafrænu formi fyrir börn í tengslum við sýninguna *Sögustaðir - Ífótspor W.G. Collingwoods*:**

Hvorki var gert nýtt púsl né minnisspil á rafrænu formi í tengslum við sýninguna í fótspor *Collingwoods* þar sem ekki fékkst nógu gott tilboð í verkið.



- Sérstök jólasíða þar sem hægt verður að nálgast ýmsan fróðleik, heimildir, myndir og skemmtiefni tengt jólum og jólasíðum:**

Jólasíða Þjóðminjasafnsins var opnuð á fyrsta degi í aðventu en þar má meðal annars finna ýmsan fróðleik um íslenska jólasíði, jóladagatal, myndir, uppskriftir og skemmtiefni tengt jólunum. Jólavefsíðan fékk mikla athygli og góða aðsókn. Stefnt er að því að hafa hana aðgengilega til frambúðar og bæta eftir því sem þurfa þykir efni inn á hana fyrir hver jól.

Annað:

- Hádegisleiðsögn/fyrirlestrar annan hvern þriðjudag með sérfraðingum safnsins og utanaðkomandi sérfraðingum um efni sem tengist safninu á einhvern hátt:**

Hádegisfyrirlestrar voru 14 talsins á árinu. Fyrirlestraröð safnsins vorið 2010 fjallaði um sýninguna *Ævispor – útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur og/eða tengdist íslenskri hönnun og hannyrðum á annan hátt:*

9. febrúar: Þóra Kristjánsdóttir: Leiðsögn um sýninguna *Ævispor – útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur*.

23. febrúar: Lilja Árnadóttir: *Útsaumur og textíll í Þjóðminjasafni Íslands*.

9. mars: Guðrún Guðmundsdóttir: Leiðsögn um sýninguna *Ævispor – útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur*.

23. mars: Steinunn Sigurðardóttir: *Persónulegur stíll í alþjóðlegu umhverfi*.

6. apríl: Soffía Margrét Magnúsdóttir: *Sjónabókin fyrr og nú – fyrirlesturinn féll niður, þar sem fyrirlesarinn forfallaðist*.

20. apríl: Birna Krisjánsdóttir: *Textíll í víðum römmum og kynning á starfsemi Textílseturs Íslands*.

25. apríl: Guðrún Guðmundsdóttir: Leiðsögn um sýninguna *Ævispor – útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur*.

Fyrirlestrar safnsins haustið 2010 tengdust flestir sérsýningum safnsins: *Sögustaðir – í fótspor W.G.Collingwoods og Endurfundir*:

16. maí: Einar Falur Ingólfsson veitti leiðsögn um sýninguna *Sögustaðir – í fótspor W.G. Collingwoods*.

20. júní: Einar Falur Ingólfsson veitti leiðsögn um sýninguna *Sögustaðir – í fótspor W.G. Collingwoods*.

5. október: Margrét Helgadóttir: *Gullold húsmæðra*.

19. október: Ragnheiður Traustadóttir: *Nýjustu fréttir úr Kolkuósi*.

2. nóvember: Steinunn Kristjánsdóttir: *Skriðuklaustur og Vestur-Evrópa á miðöldum*.

16. nóvember: Einar Falur Ingólfsson: "Ókunnugir ferðalangar biðja ávallt um leiðsögumann" - *Pílagrímsferðir um sögustaði og myndir úr ferðalögum*.



30. nóvember: Agnes S. Arnórsdóttir: *Trúlofunarhringurinn frá Skálholti og heilagleiki hjónabandsins.*

Aðrir fyrirlestrar á vegum safnsins:

19. mars: Nils Wiberg frá Gagarín hélt fyrirlestur í tenglsum við Hönnunarmars: Creative Processes and Interaction Design í samstarfi við Þjóðminjasafnið.
25. mars: Saga Íslands – einkum tímabilið 1874-1918. Fyrirlestur á vegum Minja og sögu í samstarfi við Þjóðminjasafnið. Fyrirlesari var Sigurður Líndal.
14. maí: Tveir fyrirlestrar um samtímaljósmyndun. Fyrri fyrirlesturinn fjallaði um finnska samtímaljósmyndun Harri Pälviranta, en sá seinni um lettneska samtímaljósmyndun Inese Baranovska sem er listfræðingur og sýningarstjóri í Ríga.
3. júní hélt bandaríski fræðimaðurinn og sýningarstjórin Elizabeth Schlatter fyrirlestur um sýningastjórn í Þjóðminjasafninu. Fyrirlesturinn var skipulagður af Safnaráði í samstafi við námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands og Þjóðminjasafn.
6. október: Michael Neiß, doktorsnemi við háskólann í Uppsöldum í Svíþjóð flutti fyrirlesturinn *Mellan metall och mytologi*.
12. október: Ny Björn Gustafsson: *Rannsóknir á fornálmfræði víkingaaldar*.
21. október: Steinunn Kristjánsdóttir flutti fyrirlestur um Skriðuklaustur á miðöldum á vegum vinafélags safnsins, Minja og sögu, í samstarfi við Þjóðminjasafnið.
12. desember: Steinunn Guðmundardóttir og Helga Einarsdóttir: Fyrirlestur um íslenska jólasiði.
19. desember: Fyrirlestur Terry Gunnell: The Icelandic Yule. Fyrirlestur á ensku um íslenska jólasiði. Fyrirlesturinn féll niður, þar sem fyrirlesarinn forfallaðist.

#### Annað:

Sagnfræðingafélagið var að venju með fyrirlestraröð sína í fyrirlestrasalnum annan hvern þriðjudag yfir vetrartímann og Ljósmyndarárafélagið annan hvern fimmtudag, bæði í samvinnu við safnið.

#### Málþing:

28. október var haldið **málþing í tilefni af 50 ára afmæli þjóðháttasöfnunar Þjóðminjasafns Íslands**. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður setti þingið. Ágúst Ólafur Georgsson fagstjóri þjóðháttar hjá Þjóðminjasafni hélt erindið *Þjóðháttasöfnun Þjóðminjasafns Íslands í hálfa öld. Yfirlit um það sem áunnist hefur og helstu áherslur*. Hjalti Hugason prófessor við guðfræðideild HÍ ræddi um *rannsóknir sínar á íslenskum trúarháttum og fjallaði um möguleika og takmarkanir gagnasafns þjóðháttadeilda*. Dr. Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur talaði um *Vitnisburði og játningar í lífi fólks á liðnum öldum og Rósa Þorsteinsdóttir* sérfræðingur á Árnastofnun hélt erindið: *Söfnun og miðlun munnlegra heimilda í þjóðfræðisafni Árnastofnunar*.



23. nóvember var haldið málþing í tengslum við sýninguna Sögustaðir – í fótspor W.G. Collingwoods og nefndist það: **Hver var W.G. Collingwood?**

Þjóðminjavörður setti þingið en síðan hélt Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur erindi sem hún nefndi: *Íslandsleiðangur Collingwoods og dr. Jóns Stefánssonar sumarið 1897*. Dr Matthew Townend frá háskólanum í York hélt erindið *W.G. Collingwood and the Vikings* ( W.G. Collingwood og víkingarnir). Að lokum hélt Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari og höfundur sýningarinnar erindið *Þrír tímar og tilraun til að tengja þá saman. – Um samtalið milli verka okkar Collingwoods*. ESU – the English-Speaking Union styrkti veitingar.

- **Annað:**

- Þjóðbúningadagur var haldinn í mars, í samstarfi við Þjóðbúningaráð, og fékk þá fólk í þjóðbúningi ókeypis aðgang að safninu.
- Þjóðminjasafnið var stuðningsaðili alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar RIFF í september og voru fjölmargir fyrirlestrar á hennar vegum haldnir í fyrirlestrarsalnum.
- Kennurum var boðið í kynningu á fræðslustarfi safnsins þann 23. september, en aðsókn var mjög léleg.

**Fræðsla/fyrirlestrar starfsmanna, fluttir utan safnsins:**

Anna Lísa Rúnarsdóttir. 22. september. *Íslenskar torfbyggingar á heimsminjaskrá*. Erindi flutt hjá Rotaryklúbbi Reykjavíkur.

Anna Lísa Rúnarsdóttir. 30. september. *Það er leikur að læra: samvinna og möguleikar samtímasöfnunar*. Erindi flutt á Farskóla safnmannna í Stykkishólmi.

Ágúst Ó. Georgsson. 26. júní. Fyrirlestur um bátavernd í Síldarminjasafninu á Siglufirði. Erindið var flutt á málþingi um bátavernd og endurheimt fornrar verkmennингar.

Helga Vollertsen. 9. júní. Fyrirlestur um þverfaglega samvinnu safna á Íslandi á þingi Skandinavisk Museumsförbund í Færøyum.

Magrét Hallgrímsdóttir. 30. september. *Kveðja frá Þjóðminjasafni*. Erindi flutt á Farskóla safnmannna í Stykkishólmi.

Nathalie Jacqueminet. 30. september. *Handbók um varðveislu safnkosts*. Erindi flutt á Farskóla safnmannna í Stykkishólmi.

Steinunn Kristjánsdóttir. September 2010: *Skriðuklaustur - vitnisburður fornleifanna*. Landnámssýningin Aðalstræti.



Steinunn Kristjánsdóttir. Maí 2010: Skreiðin á Skriðu. Um tengsl Fljótsdalshéraðs og Skaftafellssýslna á miðöldum. *Undir Hornafjarðarmána.* Landsbyggðarráðstefna sagnfræðinga og þjóðfræðinga 21.-23. maí 2010. Háskólastrið á Hornafirði.

Steinunn Kristjánsdóttir. Apríl 2010: Fornar leiðir frá Skriðuklaustri. *Ráðstefna Félags um 18. aldar fræði: Samgöngur og landvarnir 1500-1900.* Þjóðarbókhlaða.

Steinunn Kristjánsdóttir. Mars 2010: Skriðuklaustur – í afskekktum dal eða alfaraleið? *Hugvísindabing Háskóla Íslands 2010.*

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir. Fyrirlestur um sýningar í litlum rýmum á fræðslunámskeiði FÍSOS 26. apríl.

- **Ókeypis aðgangur í boði fleiri daga en verið hefur, m.a. á 17. júní og 1. desember og „Tveir fyrir einn“ á völdum dögum :**

Boðið var upp á ókeypis aðgang í safnið í tengslum við ýmsa viðburði:

Frítt á fyrirlestra safnsins að vori og hausti

Frítt á safnið á Safnanótt, föstudaginn 12. febrúar

Frítt fyrir alla sem mættu á þjóðbúning í safnið sunnudaginn 14. mars

Frítt á safnið á sumardaginn fyrsta 22. apríl

Frítt á safnið á 17. júní

Frítt á safnið í tilefni af íslenska safnadeginum 11. júlí

Frítt á safnið á Menningarnótt 21. ágúst

Frítt á jóladagskrá í safninu 12.-24. desember

„Tveir fyrir einn“- sunnudagar voru reglulega yfir vetrartímann, sunnudagana 7. febrúar, 28. mars, 19. september, 17. október og 21. nóvember.

- **Gestum boðið að koma vor og haust með gripi í safnið til greiningar af sérfræðingum: „Áttu forngrip í fórum þínum?“**

Greiningardögum safnsins er áfram mjög vel tekið, bæði af gestum og fjölmöðum. Greiningardagar 2010 voru sunnudagana 7. mars og 31. október.

- **Upplýsingar um Þjóðminjasafn og húsasafn þess gerðar aðgengilegar í gsm-síma gegnum mobileguide.is :**

Myndir af öllum húsum í húsasafninu auk kynningartexta var sett inn á mobileguide.is.

- **Sótt verður um styrk til Grundtvig prógrammsins í Háskóla Íslands til að vinna verkefni með aðilum frá söfnum í sex Evrópulöndum:**

Sótt var um styrk til Grundtvig prógrammsins í Háskóla Íslands en því miður fékkst hann ekki. Einnig var sótt um styrk til Leonardo prógrammsins í samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir, en það bar heldur ekki árangur.



### 3.3 Innra starf

- Innleiðing á Sarpi 3.0 til starfsmanna Þjóðminjasafns:**

Kerfisgerð og flutningur gagna yfir í Sarp 3.0 hefur dregist og var hann því ekki tekinn í notkun á árinu 2010.

- Aukin gæði skjalastjórnar:**

- Vinna við gerð skjalavistunaráætlunar er hafin en telst nú hluti af stærra verkefni þar sem að Þjóðminjasafn hefur útvíkkað verkefnið og stofnað til samstarfs við Þjóðskjalasafn Íslands um allt er snýr að skalamálum stofnunarinnar. Skjalastjóri er að framkvæma skjalakönnun í stofnuninni, búið er að skilgreina nýja skjalaflokka og verklagsreglur eru í vinnslu.
- Sérstakir tiltektardagar með örnmáskeiðum um GoPro stóðu dagana 5.-7. maí, auk þess sem starfsmannafundur var nýttur til fræðslu um skalamál og skjalavistunar-áætlanir í tengslum við væntanlegt samstarf ofannefndra stofnana.

- Aukið öryggi rafrænna gagna:**

Samningur hefur gerður við Opin kerfi sem sannreyni að endurheimting gagna af afritun sé í lagi. Fyrsta úttekt samkvæmt samningi fer fram í ársbyrjun 2011. Netstjóri annast formlegar prófanir á afritunararárangri þess á milli, vor og haust.

- Aukin vinnuvernd – bætt öryggi starfsmanna:**

Öryggisnefnd stofnunarinnar sá um gerð áhættumats allra starfa fyrri hluta árs. Áhættumatið leiddi af sér ítarlegan verkefnalisti sem unnið hefur verið eftir og skal úrbótum að fullu lokið í maí 2011.

- Aukið öryggi grunnsýningar:**

Lokun/tjald sett við inngang í grunnsýningu, sem auðveldi eftirlit með ferðum gesta um húsið þegar grunnsýning er lokað.

Á árinu var unnið að útfærslu lokunar í samráði við arkitekta Hornsteina. Snúið var frá ákvörðun um fellitjald og endanlegrí ákvörðun um útfærslu frestað til næsta árs.

- Aukið öryggi húsnaðis:**

- Settar voru upp öryggisvélar við Setberg, sem gerir næturvörðum í safnhúsi kleift að fylgjast með framhlið hússins á skjá í vaktherbergi í safnhúsi. Lýsing utanhúss var aukin samhliða.
- Rimlar voru settir á glugga netþjónaherbergis stofnunarinnar, sem staðsett er á jarðhæð Setbergs.



- Bætt skipulag við sértekjuöflun:**

Innleiðingu AR-hluta Oracle lauk í árslok 2010, en tafir urðu vegna breyttrar forgangsröðunar í framhaldi af fyrirspurn Ríkisendurskoðunar um eignaskrá stofnunarinnar. Eignaskrárhluti Oracle var því innleiddur á undan seinni hluta sumars 2010 en AR-hlutinn eftir nokkrar tafir vegna uppfærslu Fjársýslunnar á Oracle í 12. útgáfu nú í árslok. Reikningar verða gefnir út skv. nýju kerfi frá og með árinu 2011.

- Bætt skipulag safnbúðar:**

- Fasteignir ríkissjóðs tóku að sér kaup og uppsetningu glerfelliweggs við safnbúð. Tafir urðu á uppsetningu verkta kafram yfir áramót en í janúar 2011 voru glerfelliweggir loks settir upp.
- Geymsla var tekin á leigu undir bókalager safnsins hjá Geymslum ehf á Fiskislóð. Þar er nú lager af eigin útgáfu Þjóðminjasafns geymdur. Lager bókafloksins Kirkjur Íslands, sem Þjóðminjasafn gefur út í samstarfi við fleiri er enn hýstur hjá Hinu íslenska bókafélagi, nánar tiltekið lager 1-14. bindis. Lagerhluti safnsins í 15.-16. bindi er hins vegar allur hjá safninu sjálfu.

- Aukið vægi jafningjafræðslu og símenntunar fyrir starfshópa innan stofnunar:**

- Eftirfarandi málstofur voru haldnar árið 2010:

- 21. janúar 2010. Bryndís Sverrisdóttir: Aðgengismál.
- 18. febrúar 2010. Þorvaldur Böðvarsson: Sarpur 3.0 – starfsmannakynning og umræður um skráningarmál.
- 11. mars 2010. Ágústa Kristófersdóttir og Þorbjörg Gunnarsdóttir: Sýningar og sýningastjórn.
- 15. apríl 2010. Anna Lísa Rúnarsdóttir: Um samtímasöfnun og samstarf safna.
- 9. desember 2010. Lilja Árnadóttir og Águst Ó. Georgsson: Tækniminjar og tækniprórun á 20. öld.

- Boðið var upp á sérstaka sérfraðileiðsögn fyrir starfsmenn í sýningarsöлum og fræðslu fyrir sumarstarfsfólk í sýningagæslu.
- Námskeið fyrir starfsmenn sýningargæslu á sviði öryggismála var haldið í maí og í tengslum við það var haldin rýmingaræfing í safnhúsini sem að þessu sinni var stór æfing með aðkomu slökkviliðs, Securitas og VST, sem aðstoðaði við skipulag æfingarinnar. Samhliða var árlegt skyndihjálparnámskeið.
- Sérstakt námskeið var haldið fyrir starfsmenn sýningargæslu og safnhúss í meðferð sjálfvirks hjartastuðtækis sem keypt var á árinu fyrir safnhúsið.
- Örnámskeið um GoPro var haldið á tiltektardögum í vor.
- Innanhúsfræðsla starfsmannafunda var um ýmis atriði er tengjast starfsemi stofnunarinnar. Drög að safnastefnu og safnalögum voru tekin til umræðu.



- Fjármálastjóri hélt í mars erindi um gerð áhættumats starfa í tengslum við vinnu öryggisnefndar og um skjalamál opinberra stofnana og skjalavistunaráætlanir í nóvember í tengslum við stofnun verkefnishóps um skjalamál stofnunarinnar.
- Starfsmenn voru hvattir til þátttöku í fræðslustarfi safnsins og boðaðir á fyrilestra, sem haldnir voru í safnhúsi, málstofur, sérfræðileiðsagnir og fleira.
- Starfsmenn voru hvattir til þátttöku í Farskóla íslenskra safnmanna, sem í ár var haldinn í Stykkishólmi og sóttu skólann 14 manns frá safninu.

Auk þess sóttu einstakir starfsmenn ýmis símenntunarnámskeið að eigin frumkvæði innanlands og utan. Símenntunarsjóður styrkti námskeið innanlands árið 2010 og greiðslu þáttökugjalda erlendis í þeim tilfellum sem starfsmaður hafði styrk til flugs og gistingar annars staðar frá.

- **Efla samstarf við rannsóknir (s.s. háskólanema) með innleggi sérfræðinga þjóðminjasafnsins í námskeið við HÍ (nemar í HÍ vinni verkefni við þjms?):**
  - Nemi í forvörsli frá Ecole des Beaux-Arts d'Avignon í Frakklandi kom í 8 vikna starfsreynslu.
  - Nemi frá University of Ljubljana; Faculty of Arts í Sloveníu kom í 6 vikna starfsreynslu, með tilstyrk EEA.
  - Nemi í safnafræði við Háskóla Íslands kom í 8 vikna starfsnám.
  - Nemi í þjóðfræði við Háskóla Íslands vann 2 vikna einstaklingsverkefni.
  - Tekið var á móti nemum úr fornleifafræði HÍ í Vesturvör í tengslum við námskeið.
  - 62 þjóðfræðinamar notuðu heimildir úr þjóðháttasafni í nemendaverkefni (ritgerðir) og þar að auki um 10 nemar frá Listaháskóla Íslands.
- **Endurgerð Skjóðu – innri vefs þjóðminjasafnsins:**  
Vefur Skjóðu var endurgerður efnislega að talsverðu leyti auk venjulegs viðhalds. Af nýju efni má nefna Kirknaskrá Matthásar Þórðarsonar sem nú er aðgengileg rafrænt á vefnum og enn fremur gott yfirlit yfir bókaútgáfu þjóðminjasafnsins.
- **Að verja 40% vinnuframlags stofnunarinnar til miðlunar Þjóðminjasafns Íslands:**  
Starfsmenn komu að gerð sýninga og útgáfu bóka. Allir starfsmenn miðlunarsviðs tóku þátt í verkefnum á sviði miðlunar. Stór hluti starfsmanna rannsókna- og varðveislusviðs komu að útgáfu safnsins og tóku þátt í gerð sýninga og leiðsögn safngesta.
- **Að veita starfsmönnum umbun/viðurkenningu fyrir mældan árangur verkefna.**  
Nýjar reglur um greiðslur viðbótalauna voru teknar í gagnið árið 2008. Líkt og fyrri ár var áfram fyrst og fremst greitt fyrir góðan árangur við verklok tiltekinna verkefna, en



í fáeinum tilfellum líka fyrir viðbótarálag. Alls 16 starfsmönnum voru greidd viðbótarlaun í samræmi við reglur um greiðslur viðbótarlauna, 14 fengu hámarkseingreiðslu (30 þús) en tveir fengu greiðslur í þrjá mánuði.

### 3.3.1 Starfsmannamálefni

Hjá Þjóðminjasafni Íslands voru alls 84 starfsmenn á launaskrá ársins 2010, borið saman við alls 76 árið 2009. Eru þá allir taldir, jafnt fastráðir starfsmenn, verkefnaráðnir, sumarafleysingarfólk og tímavinnufólk í stærri og smærri verkefnum, sem og starfsmenn í orlofi. Fjölgun milli ára skýrist einkum af ráðningu 8 stúdenta í sérstök sumarátaksverkefni. Af þessum 84 starfsmönnum eru 56 starfandi í árslok (53 í árslok 2009), þar af 35 með ótímabundna ráðningu, en 28 eru hættir. Ástæður starfsloka eru eftirfarandi: 13 höfðu verið ráðnir í ýmsar afleysingar og tímavinnu, 8 höfðu verið ráðnir í sérstök átaks/styrkverkefni og 4 voru verkefnaráðnir. Þá sögðu 3 upp störfum: 1 sagði upp hlutastarfi sýningargæslu, 1 sagði upp ræstingarstarfi á reynslutíma og 1 starfsmaður sagði upp eftir áratuga starf við forvörlu.

Unnum **ársverkum** fjölgaði milli ára. Þau voru alls 43,0 árið 2010 (41,6/2009, 45,8/2008, 46,2/2007), þar af 40,7 ársverk í dagvinnu (38,1/2009, 42,6/2008, 41,8/2007). Aðalskýringar eru ráðningar 8 sumarstúdenta í 2 mánaða styrkverkefni, auk ráðningar starfsmanns í 6 mánaða átaksverkefni.

Veikindafjarvistir eru talsvert minni og dreifast jafnar á starfsmenn á árinu 2010 borið saman við árið 2009 og eru skráð veikindi í tímaskráningarkerfi stofnunarinnar 2.751 klst eða 16,0 mannmán (21 mannmán/2009). Þrír starfsmenn eru árið 2010 með meiri heildarveikindafjarveru en 1 mánuð hver.


Í árslok 2010 voru alls 56 starfsmenn hjá safninu, sem eru 3 fleiri en í árslok 2009 þegar þeir voru 53. Fjölgun skýrist af verkefnaráðnum sérfræðingum sem ljúka styrkverkefnum snemma árs 2011 (2 styrkverkefni; 1 átaksverkefni Vinnumálstofnunar).

**Kynjahlutfallið** í árslok 2010 er 42 konur/14 karlar (41/12 2009 og 44/13 2008).

**Ráðningarfórm:** Í árslok 2010 er stærsti hluti starfsmanna með ótímabundna ráðningu líkt og var í árslok 2009, eða alls 35 af 56 (35 af 53 í árslok 2009). Sjö voru verkefnaráðnir; einn með tímabundna ráðningu vegna afleysinga; fimm með tímabundna ráðningu eða reynsluráðningu, og loks voru átta starfsmenn í tímavinnu, þar á meðal elsti starfsmaður safnsins. Óbreyttur fjöldi starfsmanna er með ótímabundna ráðningu frá árinu 2009.




## Starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands: Ráðningaráform í árslok 2010



**Meðalaldur** allra 56 starfsmanna safnsins í árlsok 2010 var 47,5 ár (45,4/2009, 47,0/2008). Yngsti starfsmaðurinn var 23 ára en sá elsti 73 ára (eftirlaunaþegi í tímavinnu). Aldur starfsmanna er nokkuð jafn eftir sviðum, hæstur er meðalaldurinn á rannsóknar- og varðveislusviði 48,2 ár en lægstur á miðlunarsviði, 46,8 ár.

Meðalaldur starfmannana 35 sem eru með ótímabundna ráðningu er 49,4 ár.


## Aldursdreifing 35 fastráðinna starfsmanna Þjóðminjasafns 2010



**Menntun** starfsmanna Þjóðminjasafns Íslands endurspeglar hlutverk þess sem vísinda- og þjónustustofnun. Af 56 starfsmönnum í árslok 2010 hafa 75% lokið háskólaprófi. Nánar tiltekið hafa 50% fyrstu háskólagráðu, 20% hafa framhaldsgráðu og 5% hafa doktorsgráðu.



Af þeim 28 starfsmönnum (50%) sem hafa fyrstu háskólagráðu eru þrír í framhaldsnámi og/eða hafa lokið hluta af framhaldsgráðu. Til viðbótar eru 4% í háskólanámi eða hafa lokið ígildi háskólanáms án formlegrar gráðu. Iðnmenntun eða verslunarmenntun hafa 14% starfsmanna.



### 3.3.2 Rekstur upplýsingakerfa

Árið 2009 var stór hluti tæknibúnaðar grunnsýningar (snertiskjáir, tölvubúnaður og skjávarpar) endurnýjaður, en nokkurn hluta þurfti þó að endurnýja 2010 (sjónvörp, tölvur og snertiskjáir). Engir rekstrarleigusamningar eru lengur til staðar vegna tölvubúnaðar.

Lagður var ljósleiðari í Setberg og Vesturvör í sumarbyrjun. Með ljósleiðaratengingu milli húsa og náðist loks að bæta úr slæmum tengingum milli Vesturvarar og netþjóna í Setbergi.

### 3.3.3 Skjalamál

Skjalavistunaráætlun er grundvallarstjórntæki í skjalasafni stofnunar. Í henni eru upplýsingar um myndun, varðveislu og aðgengi allra skjalaflokka sem verða til í starfsemi stofnunar. Vinna við skjalavistunaráætlun safnsins er í gangi og er unnin í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands, sem hluti af stærra verkefni sem tekur á skjalamálum stofnunarinnar í heild sinni. Liður í því samstarfi var undirritun samstarfssamnings milli stofnananna um varðveislu myndasafna og skjalasafna í desember sl.



### 3.3.4 Húsnæðis- og öryggismál

Safnhúsið í Suðurgötu er nokkuð flókið og þungt í rekstri þrátt fyrir að flest sé gert til að draga úr kostnaði og er nauðsynlegt að hafa stöðugt eftirlit með húskerfunum. Frá desember 2008 hefur verið staðbundin næturvarsla í húsinu sem hefur þegar sannað gildi sitt. Á árinu 2009-2010 hefur öryggisvöktun húsa verið aukin með uppsetningu myndavéla sem vakta hluta útisvæðis við safnhús, geymslur í Vesturvör og skrifstofur í Setbergi, en næturverðir í safnhúsi annast fjarvöktunina.

Framkvæmdir við húsnæði safnsins voru helstar þær að Fasteignir ríkissjóðs unnu að úrbótum á anddyri safnhúss, nánar tiltekið að þéttingu loftglugga, en leki í anddyri hefur verið vandamál frá opnum. Þá var ákveðið var að skipta alveg út gluggum á austur- og suðurhlíð Setbergs, þar sem ekki hefur tekist að komast fyrir leka þrátt fyrir ýmsar tilraunir. Þær útskiptingar hafa hins vegar tafist og eru ekki hafnar nú í árslok.

Glerfelliveggur sem gerir kleift að læsa safnbúðarsvæðinu, var keyptur á árinu af Fasteignum ríkissjóðs og uppsetning hans undirbún síðla árs. (Veggurinn komst loks upp í janúar 2011). Miklar framkvæmdir voru við geymslurnar í Vesturvör 14, sem voru klæddar og þak endurnýjað, auk þess sem tekið var til á lóðinni umhverfis og skúrar fjarlægðir. Í tengslum við framkvæmdir á geymslunum kom í ljós að húsið var hvergi til í kerfinu. Í framhaldinu fór fram úttekt og sem leiddi til þess að krafa kom um slökkviúðakerfi (sprinkler-kerfi) sem Fasteignir ríkissjóðs gerðu ekki ráð fyrir að setja upp. Eina lausnin virðist sú að safnið annist sjálft uppsetningu slíks kerfis. Vonast er til þess að sérstök fjárveiting fáið vegna þessa ófyrirséða kostnaðar, sem ljóst er að fellur til árið 2011.

Fjögurra manna öryggisnefnd var stofnuð síðla árs 2009 og vann hún áhættumat allra starfa á þessu ári. Listi yfir úrbætur var tekinn saman á grundvell áhættumats og er vinna við úrbætur langkomin, en henni skal að fullu lokið vorið 2011.

Unnið var að ýmsum öryggisúrbótum í geymslum í Vesturvör 16, m.a. með uppsetningu stálgrindar sem ætlað er að styðja við felliskápa sem standa á miðju gólf, og með uppsetningu hillulista, sem ætlað er að hindra glerplötur í að renna úr hillum í mögulegum jarðskjálftum.

Gerð öryggishandbókar fyrir geymslurnar í Vesturvör hélt áfram á árinu og verður bætt í hana ýmsum atriðum í framhaldi af úttekt sérfræðinga á geymslunum og aðkomu öryggisnefndar að handbókarskrifunum.

Á vordögum 2010 var í samræmi við verklag öryggishandbókar safnhúss haldið árlegt námskeið um öryggismál fyrir starfsmenn í safnhúsi og stór rýmingaræfing í framahaldi þar af. Um haustið var haldið sérstakt námskeið um notkun sjálfvirks hjartastuðtækis sem keypt var fyrir safnhúsið.



## 4 Ársuppgjör 2010

Fjárheimild ársins **2010** skv. Oracle var kr. 462.440.911 og skiptist þannig: fjárlög 413.3 millj. + 49.1 millj. rekstraafgangur fyrri ára.

<u>Fjárheimild 02-902 alls árið 2010:</u>	462,4 millj.
<u>Áætluð útgjöld umfram sértekjur 2010:</u>	415,0 millj.
<u>Upp safnaður rekstrarafgangur í árslok 2010<sup>1</sup>:</u>	47,4 millj.

**Útgjöld stofnunarinnar árið 2010** urðu alls 486,3 millj. skv. bráðabirgðaniðurstöðu ársins og er stærsti hluti kostnaðar launakostnaður eða 45,9%. Hækkan launakostnaðar um 11,7 millj. milli ára skýrist að hluta af hækkan launa SFR-starfsmanna safnsins og að hluta af auknu vinnuframlagi vegna átaksverkefna ýmiss konar (1,8 mannár). Hlutfallsleg aukning launakostnaðar milli ára úr 39,6% í 45,9%, skýrist líka af því að heildarútgjöld lækka mikið milli ára með hækkan tilfærslna um 43 millj. frá 2009. Styrkir til ýmissa einkaaðila, samtaka og safna eru litlar árið 2010 (6,8 millj.) og eingöngu eftirstöðvar styrkja frá 2008-2009, auk þess sem tilfærslur til Húsafríðunarnefndar lækka um 15 millj. milli ára (54 millj. 2010), en Húsafríðunarnefnd annast að stórum hluta viðhald og viðgerðir húsa í húsasafninu á grundvelli þjónustusamnings sem í gildi er fram í mars 2011. Þá er fastur kostnaður vegna reksturs margra bygginga stofnunarinnar á höfuðborgarsvæðinu hár (109 millj. (laun húsvarðar og ræstitækna innifalin)) og hækkar um 2 millj. milli ára þrátt fyrir óbreytta leigu. Þar af eru 16,4 millj. vegna næturgæslu í safnhúsi. Loks má nefna fjarvinnslukaup ársins 2010 fyrir alls 14,2 millj. til fjarvinnslukaupa af Forsvari á Hvammstanga og af tveimur söfnum á Norðurlandi eystra (Húsavík og Egilsstaðir).

Rekstur einstakra sviða (án launakostnaðar og sértekna) skiptist þannig: fjármála- og þjónustusvið 119 millj. (121,5 millj. 2009), rannsókna- og varðveislusvið 29 millj. (30,5 millj. 2009) og miðlunarsvið 31 millj. (52 millj. 2009). Erfitt er að skera niður fastan kostnað fjármálasviðs og á ranns. sviði eru önnur útgjöld en laun hverfandi lítill, þegar frá eru talin fjarvinnslukaup, sarpsleyfi og kostnaður við styrkverkefni. Það hefur því burft að skera mikið niður á miðlunarsviði (sýningar, kynningar, safnfræðsla o.fl.) Nánar er gert grein fyrir verkefnum sviðanna hér að framan.

Eignakaup voru alls 9,1 millj. og lækka milli ára um 3,5 millj. Grunnsýningin vegur þungt vegna endurnýjunar ýmiss tæknibúnaðar fyrir 2,7 millj., keyptur var vandaður búnaður fyrir ljósmyndara 1,3 millj og keypt var bifreið sem hafði áður verið á rekstrarleigu í 3 ár, verð 1,5 millj. Í framhaldi af vinnustaðagreiningu 2009 og áhættumati starfa 2010 var haldið áfram að

<sup>1</sup> Upp safnaður afgangur skiptist þannig á einstök fjárlaganúmer:

Rekstur (101) = 29,7 millj., Húsasafn (521) = 4,5 millj og Byggða-og minjasöfn (110) = 13,2 millj (fellt niður í árslok 2010). Samtals flytjist til næsta árs 34,2 millj.



bæta vinnuaðstöðu starfsmanna og keypt húsgögn fyrir 1,1 millj. Loks var bætt við öryggismyndavélu við Setberg sem gera næturvörðum safnhússins fært að fjarvakta skrifstofurnar auk geymslanna í Vesturvör.

**Sértekjur** ársins 2010 urðu 71,2 millj. borið saman við 70,9 millj. 2009. Tekjur af aðgangseyri hækka um 3,2 millj. en aðgangseyrir var hækkaður í ársbyrjun úr 800 kr í 1.000 kr. Tekjur af safnbúð lækka um 3,5 millj og tekjur af myndasölu lækka um 0,5 millj. Tekjur af sérfræðibjónustu komu nær allar til af sérfræðibjónustu við Alþingisreit, 5,5 millj., en því verki á að ljúka í ársbyrjun 2011. Leigutekjur hækka talsvert, en Náttúrumínjasafn Íslands hefur leigt hæð í Loftskeytastöðinni undir skrifstofur frá mars 2010, auk þess sem safnaráð greiðir fyrir aðstöðu í turni safnhúss frá ársbyrjun 2010.

Framlög og styrkir lækka lítillega frá 2009. Safnið fékk 2,2 millj. frá Þjóðhátíðarsjóði (5 styrkir), 1,7 millj. frá einkaaðila v/Ævisporssýningar og útgáfu og 0,5 millj. frá Vegagerð v/skráningar myndasafns. Vinnumálastofnun greiddi 3,8 millj. upp í launakostnað átta sumarstarfa stúdenta, auk þess sem mennta- og menningamálaráðuneytið greiddi 420 þús framlag vegna þriggja nýsköpunarverkefna námsmanna.

**Útgjöld umfram sértekjur** verða þar með 415,0 millj. Til ráðstöfunar árið 2010 hafði safnið alls 462,4 millj., svo skv. bráðabirgðaniðurstöðu ársins er uppsafnaður rekstrar-afgangur í árslok 2010 kr. 47,4 millj.


Uppsafnaður rekstrarafgangur sundurliðast á eftirfarandi hátt: Á byggða- og minjasafns-lið (**110**) eru alls óráðstafað 13,2 millj., þrátt fyrir að allir styrkir hafi verið greiddir út. Virðist meginþýringin liggja í mistökum sem gerð voru 2008 og 2009, þegar 5,0 millj. styrkur til Arnfirðingafélagsins frá 2007 var ekki tekinn út. Á rekstrarlið (**101**) eru 29,8 millj. áráðstafað. Loks er á húsasafnslið (**521**) 4,5 millj. óráðstafað um áramót vegna verkefna sem unnin eru nærrí áramótum 2010/2011.

**Staða höfuðstóls í árslok** 2009 skv. ársreikningi Þjóðminjasafns sem Fjársýsla ríkisins hefur tekið saman er 49,1 millj. og var upphæðin öll flutt áfram til ársins 2010. Áætluð staða höfuðstóls í árslok 2010 mun hins vegar væntanlega ekki flytjast öll yfir á árið 2011 heldur lækka um sem nemur þeirri upphæð sem bókuð er á 110-liðinn, 13,2 millj.


Á blaðsíðu 48 er sundurliðað yfirlit yfir niðurstöðu ársins 2010 og samanburður ársniðurstöðu við niðurstöðu fyrra árs.



### Skipting útgjalda árið 2010



### Samanburður áranna 2009 og 2010





## SAMANBURÐUR Á HELSTU TEKJU-OG GJALDALIÐUM ÁRIN 2009 OG 2010

GJÖLD	(ÁÆTLUD)	(RAUN)	MISM.	BREYTING
	LOKASTADA	LOKASTADA	ÞÚS KR	%
	2010	2009	mism	MISM(%)
Launagjöld	223.757.249	212.021.080	11.736.169	5,54%
Fundir, námskeið og risna	525.484	2.028.035	-1.502.551	-74,09%
Ferða- og dvalarkost. innanl.	1.154.640	1.665.554	-510.914	-30,68%
Ferða- og dvalarkost. erl.	2.097.304	1.480.339	616.965	41,68%
Akstur	2.455.636	2.835.256	-379.620	-13,39%
Timarit, blöð og bækur	678.795	582.846	95.949	16,46%
Skrifstofuvörur og áhöld	5.698.756	4.919.976	778.780	15,83%
Aðrar vörur	9.116.376	10.377.163	-1.260.787	-12,15%
Önnur sérfræðipjónusta	37.468.681	40.756.244	-3.287.563	-8,07%
Tölву- og kerfisfræðipjónusta	18.268.860	18.297.480	-28.620	-0,16%
Prentun, póstur, augl., flutn.	20.329.857	24.810.904	-4.481.047	-18,06%
Sími og ýmis leigugjöld	13.601.724	16.293.698	-2.691.974	-16,52%
Verkkaup og byggingarvörur	9.033.942	13.220.787	-4.186.845	-31,67%
Rafmagn og heitt vatn	12.098.627	11.409.853	688.774	6,04%
Húsaleiga og aðk. ræsting	55.220.424	54.779.103	441.321	0,81%
Fasteignagjöld og tryggingar	698.610	517.289	181.321	35,05%
Brennsluefni og olíur	789.734	840.336	-50.602	-6,02%
Verkstæði og varahlutir	919.618	617.713	301.905	48,87%
Tryggingar og skattar	309.792	309.414	378	0,12%
Vextir, bætur, skattar samt.	-750.464	709.708	-1.460.172	-205,74%
Eignakaup samt.	9.109.849	12.730.732	-3.620.883	-28,44%
Tilfærslur samt.	63.711.023	106.824.314	-43.113.291	-40,36%
	486.294.517	538.027.824	-51.733.307	-9,62%

*Meginskýringar á útgjaldabreytingum milli áranna 2009 og 2010:*

Laun: 8 sumarátaksstörf og 1<sup>st</sup>6mán átaksverkefni VMST og styrkerkefni (2010-11) skýra hluta. SFR-taxtar hækka, ekki BHM.

Ferðakostnaður innanlands lækkar verulega milli ára, færri ferðir og breyttar dagpenningagreiðslur.

Tímaritakaup (mest erl.): almennar hækkanir meginskýringin.

Skrifstofuvörur og áhöld: almennar hækkanir meginskýringin á hækjun milli ára og meiri pappírskaup (5211)

Séfræðikostn.: hér inni er öryggisgæsia 16,4millj.

Tölву- og kerfisbjón: eins og áður fjarvinnsluskráning á Norðurlandi (14,2), auk háttar hugb. gerðar. (sarpur2.0 og heimasiða)

Verkkaup og bygg.: M.a. Lýsing grunnsýningar 1,0m, framkv. í geymslum 1,5m. Uppsetningu sýninga o.fl.

Húsaleiga Fast.rik er óbreytt þrátt fyrir niðurskurð fjárveitinga. Afleysingarræsting keypt af verkta kaustið 2010.

Prentun ofl.: lækkar mikil v/m.a. færri sýninga (og "Sögustaðir" ekki okkar útg.). 12,0m 2009 / 5,7m 2010. Auglys. lækkar um 1,8m

Eignakaup s.s. Tölvubúnaður 4,6m (grunnsýn 2,7m) ljósm.búnaður 1,3m; keypt bifreið 1,5m, endurnýjun húsgagna 1,1m

Tilfærslur: 54mill til Húsafríðunar v/húsavíðgerða, 6,8 m v/B&M-styrka v/2008-2009, 2m til Crymogega v/útgáfusamstarfs

TEKJUR	2010	2009	
aðgangseyrir	-30.160.416	-26.962.804	-3.197.612 11,86%
Sérfræðipjónusta	-6.018.384	-8.219.250	2.200.866 -26,78%
Tekjur myndasafns	-2.211.114	-2.617.473	406.359 -15,52%
Tekjur safnbúðar	-12.706.438	-16.178.834	3.472.396 -21,46%
Leigutekjur Loftsk.stöð, kaffihús, fyrirl.salur, safnaráð ofl	-5.704.822	-2.900.378	-2.804.444 96,69%
kostnaðarhlutdeild (húsnaði, tölvar, skrifst.þjón., umsýsla)	-1.782.800	-324.840	-1.457.960 448,82%
eignasala - seldur búnaður	0	-5.000	5.000 -100,00%
Hugbúnaðartekjur (afn.gjöld Sarps = viðhaldskostn.)	-1.050.603	0	-1.050.603 #DIV/0!
Styrkir - opinberir, einka, innl.erl	-4.350.000	-5.152.750	802.750 -15,58%
vaxtatekjur	-739.480	-17.374	-722.106 4156,24%
Ýmsar aðrar tekjur og framlög	-6.524.217	-8.492.414	1.968.197 -23,18%
	-71.248.274	-70.871.117	-377.157 0,53%

*Skýringar með tekjum 2010:*

Aðgangseyrir hækkar í safnhúsi en lækkar í Víðimýri (27,2m safnhús+2,5m Víðim.). Aðg.eyrir hækkaði 1.jan.10 úr 800 í 1.000kr.

Útseld sérfraðipjónusta er nær eingöngu tekjur af forvörlu, alls 5,5millj. Langstærsta verkefnið er forvarsla Alþingisreits.

Tekjur myndasafns lækkar nokkuð frá 2009 sem var óvenju gott ár (myndasöolutekjur voru 1,7m árið 2008).

Tekjur safnbúðar lækka nokkuð milli ára, en árið 2009 var óvenjugóð sala (lígt gengi krónu ofl.). Tekjur 2008 voru 8,2 m .

Leigutekjur af Loftskeytastöð og hæð í turni (safnaráð) bætast nú við leigutekjur af fyrirlestrarsal og kaffihúsaðstöðu.

Kostnaðarhlutdeild HÍ 2009 (v/fornl.fræði) er rukkuð í jan.2010. Það skýrir lága tölu 2009 (eingöngu Rekstrarfélag Sarps 2009).

Hugb.tekjur: lítlu varið til viðhalds Sarps2.0, en þróun Sarps3.0 er ekki á vegum þjms. Tekjur af Sarpi2.0 v/2009 innheimtar 2010.

Styrkir/framlög: 2,2 m þjóð.h.sj., 1,7m Guðrún Guðm., 0,5m Vegagerðin.

Ýmsar tekjur s.s.: 3,8m endurgr. VMST v/ launa (8 átaksstörf); 0,4m framlag mrn til 3 nýsk.stúd.; 2,1m endurgr. bátastyrkur.

REKSTRARNIDURSTAÐA	415.046.243	467.156.707
--------------------	-------------	-------------



### þróun höfuðstóls 2009 - 2011

Rekstrarniðurstöður (kr.)	2009	Áætluð lok 2010	Áætlun 2011	Breyting %
Rekstrargjöld	538.027.824	486.294.517	478.385.714	-1,63%
Sértekjur	-70.871.117	-71.248.274	-78.080.000	9,59%
<b>Gjöld umfram sértekjur</b>	<b>467.156.707</b>	<b>415.046.243</b>	<b>400.305.714</b>	<b>-3,55%</b>
Framlag úr ríkissjóði alls	-460.700.000	-413.300.000	-367.300.000	
Niðurstaða ársins	6.456.707	1.746.243	33.005.714	
Höfuðstóll í ársbyrjun	55.597.618	49.140.911	34.224.340	
hagnaður (halli) ársins	-6.456.707	-1.746.243	-33.005.714	
<b>Höfuðstóll í árslok</b>	<b>49.140.911</b>	<b>47.394.668</b>	<b>1.218.626</b>	
<b>Skipting höfuðstóls í árslok 2010 (áætl):</b>				
(101) - allt flytjist áfram til ársins 2011	29.728.858		29.728.858	
(110) - allt falli niður í árslok 2010	13.170.328	13.170.328		
(521) allt flytjist áfram til ársins 2011	4.495.482		4.495.482	
<b>Samtals skipting afgangs 31.12.2010</b>	<b>47.394.668</b>	<b>13.170.328</b>	<b>34.224.340</b>	

## 5 Annual Report 2010

The National Museum's annual report for the year 2010 reflects the performance management agreement with the Ministry of Education, Science and Culture. It presents the results achieved in the key projects for the year 2010. The role of the National Museum of Iceland as the country's central museum of cultural heritage is diverse. The institution operates according to the Museum Act no. 106/2001 and the National Heritage Act no. 107/2001. The National Museum's operation in the year 2010 was successful in general with a good progression of projects. Visitor numbers remained stable, professional projects in the area of preservation and safety of the collections were successful, public programs were diverse and the internal operations went well. As before fiscal responsibility was a priority in the museum's management. Emphasis was placed on professionalism and the interplay between the different parts of the operation, the prioritization of projects supporting steadfastness and balance. Increased efficiency was achieved with the good cooperation and work of all personnel. To this end the duration of individual exhibitions were extended, which was appreciated by visitors. The admission fee was also raised during the year and steps taken to lower general running costs.

### *Research and preservation*

Professional work in the area of research and preservation is always complex and the general results of the year were according to plan. Various new acquisitions were made to the collections during the year. Among the interesting collections of photographs were the original photos by Ralph Hannam and the film collection of Þór Sandholt. A great deal of finds from archaeological excavations were handed over to the museum, such as from Alþingisreitur, Skriðuklaustur and Bygggarðavör in Seltjarnarnes. Artefacts connected with the so-called „Kitchenware Revolution“ were collected for an exhibition dealing with the event as well as artefacts connected with the exhibition *Beards: on shaving and grooming*. Disused artefacts from the church of Skeggjastaðir in Bakkafjörður were presented to the museum in accordance with the National Heritage Act. The composer Sveinbjörn Egilsson's bureau was accessioned on December 1st at Bessastaðir as a decision was made for it to be preserved there. Two excellent carved bedboards as well as porcelain artefacts came into the possession of the National Museum from the estate of Dóra Theódórs Sigurjónsdóttir.

Good results have also been achieved in a collaborate project of several museums in Iceland involving a contemporary collection of children's play. The main objective of the project is to train museum staff in applying specific methods in contemporary collecting. Two questionnaires were sent out to informants during the year. One of them was about the economic-crisis, the collapse and the "Kitchenware Revolution" and the other was called "Homemade, repaired and used" where questions were asked about thriftiness in the home.



The importance of preservation should never be underestimated. In the area of conservation and research a special effort was made concerning the storing of museum collections. Improvements to the storage conditions of the photographic collection continued based on a conservation plan and improvements were made in the museum's stores in terms of preventive conservation. Assessments were made of the safety of artefacts in Vesturvör 14 and 16-20. The final stage of the first part of the *Handbook on preservation of a museum's collection* was reached and a safety handbook for the stores at Vesturvör 16 was completed.

The cultural-historical database *Sarpur* is one of the most important work tools of the National Museum and of the cultural heritage museums in the country. Work on updating the database, *Sarpur 3.0*, has been ongoing for some time and has been very time consuming.

The National Museum's Historic Buildings Collection harbours one of the most remarkable collection of Icelandic architectural heritage, e.g. many of the turf houses still standing. A definition of the potential Serial World Heritage nomination of the turf houses was created for Iceland's tentative list for UNESCO's World Heritage list. This is an important milestone for the Historic Buildings Collection as it is in the nation's interest to care for the turf houses in years to come in order to ensure their preservation. Important goals were reached during the year in restoration and maintenance of houses in the Collection and a special effort was also made in matters of the safety of the houses. These projects were carried out in collaboration with the National Architectural Heritage Board according to a service contract.

#### *Communication and accessibility*

Several temporary exhibitions are opened at the National Museum every year, the biggest ones in Bogasalur (Arc Hall) and Myndasalur (Gallery of Photography). In the year 2010 the National Museum of Iceland offered a total of fifteen exhibitions, along with the ongoing maintenance of the permanent exhibition. The main temporary exhibitions of the year were *Ævispor – Útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur* (*Embroidery of Life*) and the exhibition *Sögustaðir – í fótspor W.G. Collingwoods* (*Saga Steads of Iceland – In the footsteps of W.G. Collingwood*). For the larger exhibitions, catalogues with the same title were published. The exhibition *Klippt og skorið – um skegg og rakstur* (*Beards - on shaving and grooming*) which drew attention was opened in Hornið (the Corner) on the 2nd floor and also several smaller temporary exhibitions at Torgið (the Square) on the 1st floor.

Several well attended events, lectures and seminars were held at the museum during the year. On Safnanótt (Museum Night), Sumardagurinn Fyrsti (First Day of Summer), June 17th (Independence Day) and on Menningarnótt (Cultural Night) admission to the museum was free of charge and the program, which was very well attended, was diverse. The Christmas program was extremely popular as usual, among children and adults alike.



As in former years the museum offered a diverse educational program for schools and this year a special effort was made in introducing the museum to university students. The museum shop was very successful during the year and is greatly appreciated by the museum's visitors as well as the service of the café, Kaffitár. Well attended lectures in collaboration with various parties were offered in the museum's lecture hall.

As before an emphasis was placed on access for all to the museum and various innovations were initiated during the year in order to reach out to new groups of visitors. A special program was offered for the mentally disabled and memory work was developed for the elderly in the newly opened memory-room dedicated to the years 1955-65. An audio-guide in Polish was launched as well as a specific audio-guide for children in Icelandic and English. A special effort was also made to introduce the museum to new Icelanders by offering guided tours in their own languages in connection with their national holidays. Guided tours were offered in Hungarian, German and Polish during the year. A visitor survey was carried out in collaboration with the Museum Council and the results reflected the positive views of the museum's guests.

Several exhibition catalogues were published and the book *Sögustaðir – Í fótspor W.G. Collingwoods (Historical Places – In the footsteps of W.G. Collingwood)* by Einar Falur Ingólfsson, which the museum published in collaboration with Crymogea in connection with the exhibition by the same name, was nominated to the Icelandic Literature Awards. Great success was achieved in academic publishing by staff during the year. To name a few, a report came out this year about the first part of Bessastaðarannsókn (Bessastaðir research project) by archaeologist Guðmundur Ólafsson and a new edition to the Churches of Iceland series, about churches in the Snæfell and Dalir diocese was published during the year in collaboration with the National Architectural Heritage Board, the Bishop's Office and The Icelandic Literary Society. The museum also emphasized introduction of the museum's work in writing for the media. Monthly articles were written to this end by the director of the museum, *Pankar um þjóðminjar (Thoughts about cultural heritage)*, which were published in Morgunblaðið. During the year diverse brochures were published and the museum's website was developed and strengthened. A specific Christmas web was opened during the year, which was well received.

#### *Collaboration*

The museum has placed an emphasis on inter-disciplinary collaboration, both within and outside the museum. The National Museum of Iceland collaborated with the other central museums about the professional emphasis of the museums. The Director of the National Museum of Iceland is the chairwoman of the Museum Council this year and since the beginning of the year the Museum Council's office has been housed within the National Museum of Iceland. Work has been carried out concerning the re-evaluation of the museum policy in the area of heritage.



A new policy in the area of cultural heritage for the years 2010-2014 was introduced at the first spring meeting of the National Museum of Iceland and other cultural heritage museums in the country, which was held at the National Museum in May. These collaboration meetings will be held annually hereafter.

A foundation was also laid for collaboration with The Árni Magnússon Institute for Icelandic studies on the future preservation of manuscripts owned by the museum. A contract was made between the National Archives of Iceland and the National Museum where the Icelandic Museum of Photography within the National Museum was awarded the status of a public preservation institution of photographs in the country. Furthermore it was decided to safeguard some documents, which until now have been cataloged at the National Museum, at the National Archives of Iceland.

A collaboration contract with the University of Iceland was renewed during the year and a foundation was laid for collaboration between the institutions in connection with the 100th anniversary of the University. The Director of the National Museum was also a member of the overall policymaking committee of the University of Iceland, whose aim is to develop a new policy for the school.

Director of the National Museum holds the chair of the Icelandic World Heritage Committee and work was done on finalizing a new tentative list for Iceland during the year which was completed in January 2011. During the year a new website was opened, [www.heimsminjar.is](http://www.heimsminjar.is), in connection with the execution of the UNESCO World Heritage contract in the country.

#### *Internal management*

The museum's internal operations continued to be emphasized during the year with professionalism, collaboration and good work environment as a guiding light. The institution's security committee supervised a risk evaluation of every job during the year according to the law, improvements of work conditions continued from the year before and various education was offered for staff, as well as the institution finalizing a contract with Vinnuvernd ehf about the services of a company doctor for the museum's employees. The laws of the National Museum's Employees' Association were reviewed and its operation strengthened and all new employees are now considered members.

Optical fiber was installed between work stations and a special effort was made to increase the safety of digital data. The use of new subsystems of Orri (Oracle) was started and the initiation of other subsystems prepared. A collaboration with the National Archives of Iceland was established for the National Museum's archives and the various aspects of the archive management of the institution were worked on. As in earlier years the institution



used the allowance to pay additional wages and thus using the opportunity to express gratitude for good results at the end of specific projects. The success of the National Museum of Iceland in 2010 is the success of all who work there.

February 8th 2010

Margrét Hallgrímsdóttir  
Director of the National Museum

## 6 Viðauki – Starfsmenn 2010<sup>2</sup>

Nafn	Starfsheiti
Anna Einarsdóttir	Sölufulltrúi safnbúðar
Anna Guðný Ásgeirs dóttir	Sviðsstjóri fjármála- og þjónustusviðs
Anna Lísa Rúnarsdóttir	Sviðsstjóri rannsókna- og varðveislusviðs
Antonio Costanzo	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Auður Sigurðardóttir	Fagstjóri skjalasafns
Águst Ó. Georgsson	Fagstjóri þjóðháttasafns
Ágústa Kristófersdóttir	Sýningarstjóri
Benný Brynjarsdóttir	Ræstitæknir
Berglind Mari Valdemarsdóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Bryndís Sverrisdóttir	Sviðsstjóri miðlunarsviðs
Elínborg Baldursdóttir	Skrifstofustjóri
Csaba Oppelt	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Drífa Huld Jóhannsdóttir	Ræstitæknir
Eiríkur Valdimarsson	Sérfræðingur
Eygló Björnsdóttir	Ræstitæknir
Eyrún Húnþjörð Káradóttir	Ræstitæknir
Freyja Hlíðkvist Ómarsdóttir	Sérfræðingur í munasafni
Gróa Finnsdóttir	Fagstjóri bóka og heimildasafns
Guðbjörg Melsted	Sérverkefni í forvörlu
Guðjón Þór Grétarsson	Sérverkefni í tækniminjasafni
Guðmundur Steinn Gunnarsson	Skráning í þjóðháttasafni
Guðmundur Ólafsson	Fagstjóri fornleifa
Guðrún Harðardóttir	Sérfræðingur í byggingarsögu
Guðrún Jóhannsdóttir	Vaktstjóri
Gunnþóra Sigfúsdóttir	Vaktstjóri
Halldóra Ásgeirs dóttir	Forvörður
Halldóra Thoroddsen	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Harpa Flóvents dóttir	Starfsnám í ljósmyndasafn
Haukur Sævar Bessason	Umsjónarmaður fasteigna og öryggismála
Heiða Björk Árnadóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Heiða Björk Vilhjálmsdóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Heimir Björnsson	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Helga Dís Björgúlfssdóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf

<sup>2</sup> Á listanum eru allir starfsmenn sem þáðu laun hjá safninu árið 2010, hvort sem um er að ræða fastráðna eða verkefnaráðna.



Helga Einarsdóttir	Safnkennari
Helga Helgadóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Helga Vollertsen	Kynningarstjóri
Herdís Tómasdóttir	Skráning fornprentasafns
Hjörðís Pálsdóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Hulda Magnúsdóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Iðunn Gunnarsdóttir	Ræstitæknir
Inga Lára Baldvinsdóttir	Fagstjóri myndasafns
Ingibjörg Áskelsdóttir	Forvarsla
Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Ívar Brynjólfsson	Ljósmyndari
Jóna Sigurðardóttir	Ræstitæknir
Jónas Hallgrímsson	Ljósmyndari
Katrín Guðmundsson	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Ingvar Hafbergsson	Staðarvörður
Kolbrún Þóra Löve	Sérverkefni í ljósmyndasafni
Kolfinna Tómasdóttir	Sölufulltrúi í safnbúð
Kristín Arnþórsdóttir	Sérverkefni í bóka- og heimildasafni
Kristín Halla Baldvinsdóttir	Sérfræðingur á ljósmyndasafni
Kristín R. Sigurðardóttir	Móttökufulltrúi
Kristín Stefánsdóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Lilja Árnadóttir	Fagstjóri munasafns
Lilý Erla Adamsdóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Madelene Skogbert	Forvörður
Malín Örlygsdóttir	Sölufulltrúi í safnbúð
Maret Warner	Forvörður
Magrét Gísladóttir	Textílforvörður
Magrét Hallgrímsdóttir	Þjóðminjavörður
Nathalie Jacqueminet	Fagstjóri forvörluþjóðminjavörður
Ómar Ingi Jóhannesson	Sérverkefni í tækniminjasafn
Pétur Steinn	Netstjóri
Ragna Gestsdóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Ragnheiður Jósúadóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Sigurdís Jara Brynjólfssdóttir	Ræstitæknir
Sigurður Gylfi Magnússon	Rannsóknarstaða Kr.Eldjárns
Soffía Pétursdóttir	Sýningargæsla og upplýsingagjöf
Stefán Þorvaldur Þórsson	Ljósmyndaskráning
Steinar Örn Atlason	Sérverkefni í ljósmyndasafni
Steinunn Kristjánsdóttir	Verkefnastjóri í fornleifafræði og dósent við Háskóla Íslands



Steinunn Guðmundardóttir  
Vala Gunnarsdóttir  
Valgerður Ólafsdóttir  
Þorbjörg B. Gunnarsdóttir  
Þorvaldur Böðvarsson  
Þorvaldur Gautsson  
Þór Magnússon  
Þóra Kristjánsdóttir

Safnfræðslufulltrúi  
Sérverkefni í Bessastaðarannsókn  
Verslunarstjóri safnbúðar  
Sýningstarstjóri  
Fagstjóri skráningar  
Sérverkefni í tækniminjasafni  
Sérfræðingur  
Listfræðingur



## 7 Viðauki - Markmið ársins 2011 og mælikvarðar á árangur

Megináherslur ársins, markmið og deilimarkmið eru í samræmi við árangurssaming, sem gerður hefur verið milli Þjóðminjasafns Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### I MINJAVAARSLA OG RANNSÓKNIR

1) *Árleg endurskoðun forvörluáætlunar og bætt vistun og ástands (5%) safnkosts. Helstu atriði:*

- Áfangi í úrbótum í myndasafni á grundvelli fyrirliggjandi varðveisluáætlunar (4 atriði).
- Úrbætur í fyrirbyggjandi forvörlu í geymslum safnsins (4 atriði).
- Viðgerðir og viðhald á húsum í húsasafni Þjóðminjasafnsins: Átak í Grafarkirkju, áframhaldandi stórviðgerðir í Glaumbæ, Stóru-Ökrum, Laufási og Grenjaðastað, brýnar viðgerðir á Sæluhúsinu við Jökulsá, ásamt ýmsum öðrum smærri viðgerðar- og viðhaldsverkefnum.
- Áframhaldandi átak í öryggismálum húsasafnsins.
- Tillaga um friðun húsa í húsasafninu, sem eru ekki vernduð skv. lögum, lögð fram.
- Áfangi í úttekt á frágangi og öryggi gripa í Vesturvör 16-20.
- Áfangi í gerð yfirlits um safnkost í Vesturvör 14.
- Áfangi í öðrum hluta handbókar um varðveislu gripa.
- Úrbætur í vistun stafrænna ljósmynda í húsasafni.

Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt. Greinargerð skilað.

2) *Söfnun þjóðhátta, muna og mynda með markvissri söfnunarstefnu. Helstu atriði:*

- Söfnun þjóðhátta, m.a. 2 nýjar spurningaskrár sendar út.
- Veita viðtöku munum og myndum sem berast og eru í samræmi við fyrirliggjandi söfnunarstefnu.
- Norrænt samstarfsverkefni – samtímasöfnun um brauð og brauðmenningu.

Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt. Greinargerð skilað.

3) *Árleg útgáfa rannsóknarskýrslina (4) og greina um þjóðminjar. Helstu atriði:*

- Skýrsla um Bessastaðarannsókn.
- Skýrsla um varðveislu Núpsstaðar.
- Skýrsla um ljósmyndun á Íslandi 1970-90.
- Grein um sárasótt á Skriðuklaustri.
- Grein um heilsufar á fiskiskútum.
- Greinar sem tengjast rannsóknarverkefni í stöðu Kristjáns Eldjárn.

Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt. Skýrslur komnar út.



4) *Lok rannsóknarverkefna. Helstu atriði:*

- Lokið við 2. áfanga Bessastaðarannsókna (árið 1988).
- Lok rannsóknarverkefnis um ljósmyndir í rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárn.
- Lok rannsóknarverkefnis um ljósmyndun á Íslandi 1970-90.
- Lok rannsóknarverkefnis um Reykholt.

Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt. Rannsóknarniðurstöður tilbúnar til kynningar í formi skýrslu, sýningar eða á annan hátt.

5) *Bverfagleg verkefni innan Þjóðminjasafns. Helstu atriði (sjá einnig annars staðar):*

- Útgáfa í samstarfi við fleiri um Kirkjur Íslands, Kirkjur í Reykjavíkur- og Rangárvalla prófastdæmi (2 bindi). Undirbúningur að næstu bindum.
- Verkefni í samtímasöfnun um leiki barna.
- Samstarf við HÍ um kennslu í fornleifafræði og safnafræði.
- Rannsókn um efnismenningu og tilfinningalíf á 19. öld (í tengslum við munasafn, ljósmyndasafn og þjóðháttasafn).

Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt, sbr. gæðastaðla um sýningar og útgáfur.

6) *Árleg skráning (10%) safnkosts Þjóðminjasafns (hlutfall af óskráðum safnkosti), myndir, munir, hús og fornleifar. Helstu atriði:*

- Sarpur 3.0 tekinn í notkun.
- Grunnskráning á 3000 ljósmyndum.
- Lokaáfangi í skráningu á ljósmyndasafni frá Vegagerðinni.
- Skráning á 12.000 ljósmyndum úr safni Hjálmars Bárðarsonar.
- Skráning safnauka 2010 og 2011 í munasafni.
- Aðfangaskráning þjóðháttar.
- Skráning á bókum úr safni Hjálmars Bárðarsonar.
- Flokkun og skráning á íslensku smáprenti (25 öskjur).
- Skráning teikninga úr húsasafni og fornleifasafni í Sarp.
- Innsláttur fyrirliggjandi skráa í Sarp í fjarvinnslu (m.a. gæðaeftirlit á skráningu spurningaskrár 6-15 (í samanburði við frumgögn)).
- Skráning á hljóðritasafni og hljómplötusafni.
- Innskönnun og vistun á ljósmyndum úr Ljósmyndasafni Íslands.
- Skráning á forvörlumyndum og skýrslum.
- Skráning og flokkun á fornprentasafni bókasafns.

Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt. Tilteknum skráningarverkefnum lokið.



## II MIÐLUN OG ÞJÓNUSTA

### 1) Öflug sýningarstarfsemi. Helstu atriði:

- *Ljósmyndari Mývetninga. Mannlífsljósmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar Sýning í Myndasal 29.01.-08.06.2011.*
- Sýningin *Ásfjallið* – ljósmyndir Péturs Thomsen í Myndasal 16. 06-02.10.2011 og samhliða verða ljósmyndir Kurt Dejmo sýndar á Vegg.
- Sýning á ljósmyndum Hjálmars Bárðarsonar sett upp í Myndasal í september, samhliða verða myndir frá Steinunni Sigurðardóttur fatahönnuði sýndar á Vegg.
- Sýningin *Guðvelkominir, góðir vinir. Útskorin íslensk horn* verður opnuð í Bogasal 11. febrúar 2011, en hún stendur allt árið.
- Sýningin *Stoppað í fat* sett upp í Horni á 2. hæð safnsins 29. Janúar.
- Sýning um tóbak og aðrar nautnir sett upp í Horni í september.
- Sýningin *Kistlar og stokkar* sett upp í Forsal á 3. hæð í janúar.
- Jólasýning sett upp í forsal á 3. hæð í desember.
- Sýningin *Leikir barna*, sem er afrakstur samvinnuverkefnis átta safna, sett upp á Torgi. Sýningin fer síðan í hringferð um landið.
- Nokkrar minni sýningar á Torgi í anddyri safnsins, vörukynningar í tengslum við safnbúð, kynningar á einstökum listamönnum, jólasýning, sýning í tengslum við Hönnunarmars o.fl.
- Tvær ljósmyndagreiningarsýningar settar á vefinn.
- Fjórar til fimm farandsýningar (ljósmyndasýningar) útbúnar til útláns.

#### Grunnsýning:

- Svæði um Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttuna endurnýjað í tilefni af 200 ára afmælisárinu 2011 og opnað í júní.
- Margmiðlunarefni gert um útskornu hornin á sýningunni Guðvelkominir, góðir vinir í Bogasal.
- Margmiðlunarefni um kuml (úr Endurfundasýningu) fullunnið og komið fyrir í grunnsýningu.
- Gripum frá árunum 2001-2010 bætt við á færibandinu á 3. hæð.
- Tímaás á 3. hæð settur upp.
- Fremra skemmtimenntarherbergi málæð og lagfært og módeli og stimplum úr Endurfundasýningunni komið þar fyrir.
- Seinni hluta lagfæringa á ljósmyndasýningunni Aldarspegli lokið.
- Baklýstir textar í borðum yfirfarnir og endurbættir eftir þörfum.
- Tillögur unnar að endurbótum á innsta rými á 3. hæð (19.-20. öld).

#### Annað:

- Þáttaka í undirbúningi sýninga á 200 ára afmælishátíð Jóns Sigurðssonar 2011.
- Sýning að þverá í Laxárdal.



Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt. Sýningar í samræmi við gæðastaðla.

2) *Útgáfa sýningarskrár með hverri stærri sýningu. Helstu atriði:*

- Bókin *Ljósmyndari Mývetninga. Mannlífsljósmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar* gefin út í tengslum við samnefnda sýningu.
- Bókin *Guðvelkommir, góðir vinir. Útskorin íslensk horn* gefin út í tengslum við samnefnda sýningu.
- Sýningarskrá gefin út með sýningu Péturs Thomsen, Áslandið.
- Sýningarskrá gefin út með sýningu á ljósmyndum Hjálmars Bárðarsonar.

Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt – sýningarskrár komnar út í samræmi við gæðastaðla.

3) *Útgáfa rannsóknarrita sem byggja á rannsóknum innan safnsins. Helstu atriði:*

- Útgáfa á niðurstöðum Reykholtsrannsóknar.
- Útgáfa á Kirkjum Íslands, Reykjavíkur- og Rangárvallaprófastdæmi (2 bindi).
- Að auki koma út rannsóknarskýrslur og greinar, sjá kafla I.3.

Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt. Bækur komnar út í samræmi við gæðastaðla.

4) *Öflugt kynningarstarf. Nýr og áhugaverður vefur þjóðminjasafns. Helstu atriði:*

*Fréttatilkynningar:*

- Sendar verði að minnsta kosti 120 fréttatilkynningar á árinu í tengslum við stærri og smærri viðburði og uppákomur á safninu, sýningar, fyrirlestra og fleira.
- Grunnur fyrir fréttatilkynningar sem fara út af netfanginu Þjóðminjasafn Íslands – fréttatilkynning verður tekinn í notkun.
- Fjölga vinum á Facebook í a.m.k. 1000 á árinu.
- Birta tilkynningar um sýningar + viðburði á Facebook, að meðaltali 10-15 færslur á mánuði.

*Vefurinn:*

- Taka í notkun nýja forsíðu.
- Greinar verði settar inn á vefinn í tengslum við sýningar, uppákomur, fyrirlestra og annað, minnst 80 á árinu.
- Fjölmiðlaherbergi (pressroom) verði tekið í nortkun til að auðvelda fjölmiðlamönnum og öðrum að nálgast helstu upplýsingar um safnið og starfsemi þess.  
Fjölmiðlaherberginu er einnig ætlað að vísa í helstu umfjallanir fjölmiðla um safnið.
- Gerðar verði sérstakar undirsíður fyrir stærri sýningar safnsins.
- Unnið verði áfram að endurbótum á enskum vef safnsins.



- Gerð sérstök síða í tengslum við farandsýninguna Leikir barna, sem er samstarfsverkefni átta safna.
- Gera síðu með vörukynningu fyrir safnbúðina.
- Setja upp gjaldskrár o.fl. undir liðinn „Um safnið“.
- Unnið skal markvisst að því að einfalda „navigation“ um heimasíðuna.
- Fara yfir og uppfæra undirsíður og aftengja og eyða úreltum síðum.
- Gera undirsíðu um vefsýningar/greiningarsýningar.
- Gera undirsíðu um farandsýningar.
- Sameina skýrslur undir útgáfa.
- Setja inn stutta kynningartexta hjá öllum fagsviðum, um starfsemi sviðsins.

*Bæklingar:*

- Grunnsýningarbæklingur þýddur og gefinn út á frönsku og dönsku/sænsku.
- Prentun bæklings með sumardagskrá safnsins.
- Prentun bæklings með vetrardagskrá safnsins.
- 1-2 bæklingar um hús í eigu Þjóðminjasafnsins gefnir út.
- Útgáfa á kynningarbæklingi um fornleifakjallarann á Bessastöðum.

*Annað:*

- Gestakönnun í samstarfi við Safnaráð gerð í júlí og október.
- Grind fyrir auglýsingaborða fyrir sýningar sett upp á Turninn.
- Upplýsingaskilti og vegvísar settir upp við 3 hús í hússafninu.
- Áframhaldandi viðleitni til að efla safnbúðina, framleiða spennandi söluvarning með vísan í safnkostinn og hafa á boðstólum sérstæða og athyglisverða vöru fyrir jafnt innlenda sem erlenda gesti. Gerðir verða minjagripir með stærri sýningum (seglar og póstkort). Ný eftirgerð af Þórlíkneskinu kemur í sölu. Dagatal verður prentað og ný minnisbók sett í framleiðslu. Útbúin verður mappa um minjagripi sem safnið hefur framleitt.

Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt. Greinargerð skilað.

- 5) *Vönduð safnfræðsla í góðu samstarfi við skólakerfið og í samhengi við námsskrá. Helstu atriði:*

*Safnfræðsla:*

- Fjölbreytt fræðslustarfsemi og boðið upp á fjölmargar, skipulagðar heimsóknir fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Háskólanemum á inngangsnámskeiðum boðið í kynningu, þar sem starfsemi safnsins, sýningar, bókasafn og Sarpur verða kynnt. Búist er við um 500 nemendum í kynninguna árið 2011.



- Leiðsögn, ratleikur og verkefni í tengslum við sýninguna *Ljósmyndari Mývetninga-Mannlífsljósmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20.aldar.*
- Fræðsla og verkefni í tengslum við sýninguna *Guðvelkommir, góðir vinir!*
- Erlendum nemum í íslensku boðið í leiðsögn um grunnsýningu.
- Frístundahópum boðið að koma í leiðsögn á eigin vegum og ratleik í sumar.
- Fræðsla og leiðsögn um hesta, hestamennsku og reiðtygi fyrr og nú með tilvísun í gripi og ljósmyndir Þjóðminjasafns Íslands.
- Fræðsluefnir um sýningu á myndum Hjálmars Bárðarsonar.
- Fræðsluhluti heimasíðu lagaður og uppfærður í samstarfi við kynningastjóra.
- Skemmtimenntun endurnýjuð og bætt.

*Leiðsögn og viðburðir:*

- Ensk leiðsögn á miðvikudögum, laugardögum og sunnudögum á sumrin.
- Barnaleiðsögn fyrsta sunnudag hvers mánaðar yfir vetrartímann.  
Vegleg dagskrá tengd árlegum viðburðum: Safnanótt, sumardagurinn fyrsti, Menningarnótt, jóla-og aðventudagskrá. Ráðgert að komi 800-1000 manns á hvern atburð nema jóladagskrá ca. 5 þúsund manns. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi einstaklinga í skipulagða fræðslu, kynningar fyrir skólahópa og á jolasveinadagskrá verði alls um 13 -14 000 árið 2011.

Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt. Greinargerð skilað.

6) *Aðgengi fyrir alla í víðum skilningi. Helstu atriði:*

*Grunnsýningin:*

- Sérhönnuð leiðsögn og minningavinna fyrir aldraða í stofu með gripum og ljósmyndum frá árunum 1955-60.
- Hljóðleiðsögn á sáensku lesin inn og tekin í notkun.
- Hljóðleiðsögn fyrir grunnsýninguna þydd á ítolsku á árinu.
- Áframhaldandi viðleitni til að kynna safnið fyrir innflyttendum með því að bjóða leiðsögn á þeirra móðurmáli á þjóðhátíðardögum þeirra.
- Samvinna við List án landamæra um fyrilestur og sýningu.

*Sérsýningar:*

- Tvær ljósmyndagreiningarsýningar settar á vefinn.
- Fimm farandsýningar (ljósmyndasýningar) útbúnar til útsendingar.

*Vefurinn:*

- Lögð sérstök áhersla á vefinn fyrir sérsýningar. Þar verður hægt að nálgast margs konar fróðleik, ítarefni og myndir af sýningum. Verkefni fyrir skóla verður á heimasíðunni og skemmtiefni fyrir börn.

Jolasíða uppfærð og endurskoðuð og bætt við því efni sem þurfa þykir.



*Annað:*

- Hádegisleiðsögn/fyrirlestrar annan hvern þriðjudag yfir vetrartímann með sérfræðingum safnsins og utanaðkomandi sérfræðingum um efni sem tengist safninu á einhvern hátt.
- Tvö málþing haldin um efni sem tengjast safnkostinum eða safnastarfinu.
- Samstarf við Háskóla Íslands í tilefni afmælisárs: fyrirlestraröð Lýðheilsustofnunar, dagur Hugvísindasviðs, ókeypis aðgangur fyrir háskólanema allt árið o.fl.
- Gestum boðið að koma með gripi í safnið til greiningar af sérfræðingum á dagskránni „Áttu forngrip í fórum þínum?“
- „Tveir fyrir einn“ á völdum dögum til að koma til móts við fjölskyldufólk.
- Upplýsingar um hús í húsasafninu gerðar aðgengilegar í gsm-síma gegnum mobileguide.is.

Mælikvarði á árangur: verkefnum lokið á fullnægjandi hátt. Greinargerð skilað.

### III INNRA STARF

- Innleiðing á Sarpi 3.0 til starfsmanna Þjóðminjasafnsins.  
Mælikvarði á árangur: Verkefninu lokið. Starfsmenn nýta Sarp til skráningar og leit að upplýsingum um safnkostinn.
- Aukin gæði skjalastjórnar  
Mælikvarði á árangur: a) Skjalavistunaráætlun/geymslu- og grisjunaráætlun Þjóðminjasafns, 1. útgáfa komin út og samþykkt af Þjóðskjalasafni. (frh. frá 2009).  
b) Aukin/skipulagðri nýting GoPro.
- Aukið öryggi rafrænna gagna  
Mælikvarði á árangur: Gengið frá þjónustusamningi við utanaðkomandi aðila, sem yfirfari afritun gagna reglulega í samræmi við gildandi verklagsreglur.
- Aukin vinnuvernd – bætt öryggi starfsmanna  
Mælikvarði á árangur: Áhættumat vegna allra starfa unnið á árinu.
- Aukið öryggi grunnsýningar  
Mælikvarði á árangur: Lokun/tjald sett við inngang í grunnsýningu, sem auðveldi eftirlit með ferðum gesta um húsið þegar grunnsýning er lokað.
- Aukið öryggi húsnaðis  
Mælikvarði á árangur: a) Eftirlitsmyndavélar settar upp, eftir atvikum með þátttöku Fasteigna ríkissjóðs. b) Rimlar settir á glugga þar sem það er talin þörf á.



- Bætt skipulag við sértekjuöflun  
Mælikvarði á árangur: Innleiðing reikningahluta Oracle að fullu lokið og ítrekunarbréf send reglulega. (frh. frá 2009).
- Bætt skipulag safnbúðar  
Mælikvarði á árangur: a) Glerfelliveggir settir upp svo unnt sé að loka safnbúð í dagslok. b) Bókalager safnsins (eigin útgáfa) geymdur á einum stað, geymsla leigð undir bókabirgðir.
- Aukið vægi jafningjafræðslu og símenntunar fyrir starfshópa innan stofnunar:  
Mælikvarði á árangur: a) Málstofur þjóðminjasafns haldnar mánaðarlega á vor- og haustönn, b) sérfræðileiðsagnir í safnhúsini nýtist starfsfólk c) fræðsla og örnamiskeið á starfsmannafundum d) stuðningur við fræðsluferðir starfsmannafélagsins e) almenn þátttaka í farskóla safnmanna.
- Efla samstarf við rannsóknir (s.s. háskólanema) með innleggi sérfræðinga þjóðminjasafnsins í námskeið við HÍ.
- Endurgerð Skjóðu – innri vefs þjóðminjasafnsins.
- Að verja 40% vinnuframlags stofnunarinnar til miðlunar þjóðminjasafns Íslands.
- Að veita starfsmönnum umbun/viðurkenningu fyrir mældan árangur verkefna.  
Mælikvarði á árangur: Verkefnum stofnunarinnar lokið á fullnægjandi hátt að teknu tilliti til fjármagns. Markmiðum áhersluverkefna náð að mati þjóðminjavarnar.